



INSPIRE

Tilskipun Evrópusambandsins um samræmda notkun landupplýsinga

Greinargerð og tillögur



INSPIRE

tilskipun Evrópusambandsins
um samræmda notkun landupplýsinga

Greinargerð og tillögur



Eydís Líndal Finnbogadóttir
Gunnar Haukur Kristinsson
Magnús Guðmundsson



**LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS**

Landmælingar Íslands
Nóvember 2008

Skýrsla nr: LMÍ - 2008/02	Verknúmer:	Upplag:	Síður:	Dreifing: Opin
-------------------------------------	-------------------	----------------	---------------	--------------------------

Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:

INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins um samræmda notkun landupplýsinga Greinargerð og tillögur.

Höfundar / aðild: Eydís Líndal Finnbogadóttir Magnús Guðmundsson Gunnar Haukur Kristinsson	Verkefnisstjóri: Eydís Líndal Finnbogadóttir Svið: Landupplýsingasvið
--	--

Unnið fyrir: Umhverfisaráðuneytið	Málsnúmer: L08070006
---	--------------------------------

Samstarfsaðilar:

30 stofnanir sem svöruðu spurningalista (sjá lista í skýrslu)

Útdráttur:

Skýrslan fjallar um INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins ásamt greinargerð um núverandi stöðu og innleiðingu hennar hér á landi. Einnig eru í skýrslunni niðurstöður könnunar sem gerð var sérstaklega til að fá mynd af því hvaða landupplýsingar eru til hjá ríkisstofnunum á Íslandi.

Efnisorð: INSPIRE Landupplýsingar Innleiðing Spurningalisti vegna INSPIRE	ISBN-númer: Aðfanganúmer:
--	--

Efnisyfirlit

Formáli.....	5
Inngangur	6
Helstu niðurstöður og tillögur	7
1. Bakgrunnur INSPIRE.....	8
1.1 Grundvallaratriði tilskipunarinnar.....	8
1.2 Innra skipulag landupplýsinga á Íslandi.....	9
2. Ávinningur Íslands við innleiðingu INSPIRE á Íslandi.....	13
2.1 Samfélagslegur ávinningur.....	13
2.1.1 Gögn vegna náttúruhamfara.....	13
2.1.2 Skipulagsmál.....	13
2.1.3 Náttúruvernd og ferðamennska	14
2.1.4 Ýmis verkefni	14
3. Innleiðing INSPIRE tilskipunarinnar.....	15
3.1 Hvað tilheyrir INSPIRE.....	15
3.2 Viðaukar með INSPIRE.....	16
3.3 INSPIRE vinnuhópar.....	16
3.4 Áfangaskipt innleiðing	17
4. Undirbúningur Íslands vegna innleiðingar INSPIRE	19
4.1 Beinn undirbúningur.....	19
4.1.1 INSPIRE Committee	19
4.1.2 Norrænn vinnuhópur og EuroGeographics.....	19
4.1.3 Íslenskur vinnuhópur.....	19
4.1.4 Bréf umhverfisráðuneytisins vegna INSPIRE	20
4.1.5 Vinnuhópar Landmælinga Íslands og umhverfisráðuneytisins	20
4.2 Óbeinn undirbúningur.....	21
4.2.1 Ný lög um Landmælingar og grunnkortagerð	21
4.2.2 Íslenskur landupplýsingastaðall – IST 120:2007	21
4.2.3 Lýsigagnavefurinn Landlýsing	21
4.2.4 LISA – samtök um landupplýsingar fyrir alla.....	21
4.2.5 Samvinnuverkefni opinberra aðila	22
4.2.6 Náttúruvefsjá.....	22
4.2.7 IS 50V stafrænn kortagrunnur af Íslandi	22
4.2.8 Netríkið Ísland 2008-2012.....	22
5. Staða íslenskra gagna og ábyrgð stofnana	23
5.1 Niðurstöður könnunar.....	24
5.1.1 Svörun vegna spurningalistans.....	24
5.1.2 Fjöldi gagnasetta.....	25
5.1.3 Öflun gagna	26
5.1.4 Aðgengi gagna og gagnasnið	27
5.1.5 Lögbundið hlutverk og ábyrgð	27
5.2 Fundur með tengiliðum stofnana	28
6. Kostnaður og ávinningur vegna INSPIRE.....	30
6.1 Arðsemi í samanburði við önnur Evrópuríki.....	30
6.2 Mat á kostnaði við að innleiða INSPIRE á Íslandi.....	30
7. Nýtt lagafrumvarp vegna INSPIRE	33
7.1 Önnur tengd lög og stefnumótun Evrópusambandsins	33
8. Heimildir	34

9. Viðaukar	35
Viðauki 1. Íslensk þýðing INSPIRE tilskipunarinnar	35
Viðauki 2. Samanburðartafla fyrir gögn	68
Viðauki 3. Drög að lögum um INSPIRE í Finnlandi	80
Viðauki 4. Drög að lögum um INSPIRE í Danmörku	84
Viðauki 5. Drög að lögum um INSPIRE í Noregi	88
Viðauki 6. Viðskiptaáætlun úr umsókn til íslenska upplýsingasamfélagsins	91
Viðauki 7. Bréf umhverfisráðuneytisins til Landmælinga Íslands	94
Viðauki 8. Bréf til forstöðumanna	95
Viðauki 9. Spurningalisti til tengiliða stofnana	96

Töfluskrá

Tafla 1. Pemu sem tilheyra viðaukum INSPIRE tilskipunarinnar	16
Tafla 2. Helstu áfangar og dagsetningar við innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar ...	17
Tafla 3. Tímaás innleiðingar INSPIRE á Íslandi	18
Tafla 4. Stofnanir sem leitað var til með spurningalista um INSPIRE	23
Tafla 5. Fjöldi gagnasetta sem viðk. stofnun taldi tilheyra viðaukum INSPIRE	25
Tafla 6. Fjöldi gagnasetta hvers þema	26
Tafla 7. Áætluð árleg kostnaðarskipting ráðuneyta 2009-2013	32

Myndaskrá

Mynd 1. Drög að skipulagi	10
Mynd 2. Flóð í Atlavík.	13
Mynd 3. Svörun forstöðumanna stofnana	24
Mynd 4. Öflun gagna hjá stofnunum	26
Mynd 5. Aðgengi að gagnasettum	27
Mynd 6. Hlutverk vegna gagnasetta	27

Formáli

Í bréfi dagsettu 2. júlí 2008 óskaði umhverfisráðuneytið eftir því við Landmælingar Íslands að stofnunin hæfi vinnu við að undirbúa innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar¹ á Íslandi. Óskað var eftir því að unnin yrði sérstök könnun og greinargerð um eftirfarandi atriði:

- Hvort fleiri stofnanir en ráðuneytið taldi upp í bréfi sínu, kunni að falla undir tilskipunina.
- Stöðu gagnagrunna þeirra stofnana sem tilskipunin nær til.
- Kortlagning á því á hvaða formi gagnagrunnarnir eru og hvað þurfi til að koma þeim á samræmt staðlað form eins og tiltekið er í tilskipuninni.
- Þann kostnað sem líklegt er að falli til við að koma gögnunum á það form sem tilskipunin krefst.

Til að vinna þá könnun og samantekt sem óskað var eftir var stofnaður vinnuhópur hjá Landmælingum Íslands sem leiddi verkið. Í vinnuhópnum eru Magnús Guðmundsson forstjóri, Eydís Líndal Finnbogadóttir forstöðumaður landupplýsingasviðs og Gunnar Haukur Kristinsson þjónustustjóri. Eftirfarandi greinargerð er unnin af þessum þremur einstaklingum auk þess sem gerð var könnun meðal 31 stofnunar og opinberra fyrirtækja til að afla upplýsinga um landfræðileg gögn. Einnig var leitað til systurstofnana Landmælinga Íslands á Norðurlöndunum þar sem sambærileg vinna hefur farið fram. Öllum þeim sem veittu aðstoð við þetta verkefni eru færðar þakkir fyrir.

¹ Sjá viðauka 7, afrit af bréfi frá umhverfisráðuneytinu.

Inngangur

Þann 15. maí 2007 tók gildi í Evrópusambandinu tilskipun um notkun og miðlun landupplýsinga sem nefnist INSPIRE (e. Infrastructure for Spatial Information in the European Community). Markmið INSPIRE (<http://www.ec-gis.org/inspire>) er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar² aðallega í þágu umhverfismála. Tilskipunin verður tekin upp hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæði (Case No. 33882 Decision of the EEA Joint Committee) en talið er að um 50% af öllum þeim upplýsingum sem undir INSPIRE tilskipunina falla séu á forræði umhverfisráðuneytisins og stofnana þess. Umhverfisráðuneytið hefur um nokkurt skeið ásamt Landmælingum Íslands fylgst með þróun og innleiðingu INSPIRE í nágrannalöndunum en fram til þessa hefur ekki verið gerð sérstök áætlun um innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi. Þessi greinargerð er fyrsta skrefið í þá átt.

Vinnuhópur Landmælinga Íslands sem stofnaður var til að vinna þessa greinargerð (sjá formála) fundaði reglulega vegna verkefnisins. Í byrjun ágúst 2008 var sent bréf til forstjóra/forstöðumanna 29 stofnana³ sem talið var að ættu gögn sem falla undir INSPIRE tilskipunina og óskað var eftir að þau tilnefndu sérstakan tengilið vegna málsins⁴. Í kjölfar þess bréfs var sendur út spurningalisti til tengiliða 31 stofnunar þar sem óskað var eftir upplýsingum um gögn þeirra⁵. Spurningalisti þessi var unnin upp úr sambærilegum lista sem notast hafði verið við hjá Lantmäteriet í Svíþjóð⁶. Niðurstöðum úr þessari könnun eru gerð skil í kafla 8 í greinargerðinni.

Vinnuhópur Landmælinga Íslands vann einnig að því að meta kostnað og ávinning af því að taka upp INSPIRE á Íslandi. Talið er að ávinningur af því að taka INSPIRE upp sé mikil eða allt að 1:5. Um niðurstöður kostnaðargreiningar og mat á samfélagslegum ávinningi er fjallað í kafla 6 í greinargerðinni. Í greinargerðinni eru notuð jöfnum höndum nokkur hugtök um sama fyrirbærið þ.e. landupplýsingar, landfræðilegar upplýsingar, staðbundnar upplýsingar, staðbundin gögn og hnitbundin gögn. Í stórum dráttum er átt við sama fyrirbærið þ.e. gögn sem hafa tilvísun til tiltekinnar staðsetningar eða landfræðilegs svæðis.

² Landupplýsingar lýsa staðsetningu ýmissa hluta og náttúruþyrirbæra með hnitum. Dæmi um landupplýsingar eru: stafræn kort, loftmyndir og gervitunglamyndir.

³ Sjá upptalningu stofnana í kafla 8.


⁴ Sjá viðauka 8, afrit af bréfi til forstöðumanna stofnana.

⁵ Sjá viðauka 9, spurningalisti til tengiliða stofnana.

⁶ Lantmäteriet, 2007: Myndigheters ansvar gällande Inspire-direktivets datateman. Dnr 505-2007/1331. Lantmäteriet, Gävle.

Helstu niðurstöður og tillögur

1. Vinna þarf að heildarstefnumótun á sviði landupplýsinga fyrir Ísland. Með slíkri stefnumótun, sem meðal annars tæki tillit til INSPIRE tilskipunarinnar, er mögulegt að samþætta starfsemi opinberra aðila, bæði ríkis og sveitarfélaga og ná þannig fram aukinni hagræðingu og betri þjónustu fyrir samfélagið.
2. Nauðsynlegt er að skilgreina og festa í lög hlutverk Landmælinga Íslands, sem lykilstofnunar og hlutverk umhverfisráðuneytisins við að innleiða innra skipulag landupplýsinga á Íslandi.
3. Sett verði á laggirnar sérstök samræmingarnefnd um landupplýsingamál líkt og gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum.
4. Endurskoða þarf innkaupastefnu íslenska ríkisins með tilliti til uppbyggingar á innra skipulagi landupplýsinga. Með samræmdum innkaupum grunngagna þar sem settar eru fram gæðakröfur og samnýting tryggð hjá opinberum stofnunum er mögulegt að stíga stórt skref í átt að betra fyrirkomulagi þessa málaflokks á Íslandi.
5. Vinna þarf nákvæma framkvæmdaáætlun vegna innleiðingar INSPIRE á Íslandi á grundvelli þeirra tímasetninga, þess mannafla og fjármagns sem mögulegt verður að ráðstafa.
6. Efla þarf lýsigagnaskráningu landfræðilegra gagna.
7. Kanna þarf hvernig staðið er að gjaldtöku og hvernig notkunarskilmálar eru vegna landfræðilegra gagna sem opinberir aðilar bera ábyrgð á og miðla. Í framhaldi slíkrar könnunar er mikilvægt að móta heildarstefnu á þessu sviði.
8. Þörf er á átaki við að bæta aðgengi og tryggja varðveislu á eldri landfræðilegum gögnum.



1. Bakgrunnur INSPIRE

Vegna mikilvægis umhverfismála og pólitískrar stefnumörkunar innan Evrópusambandsins er talið nauðsynlegt að aðildarríkin geti skipst á landupplýsingum yfir landamæri og að gögnin séu samnýtanleg. Með þetta meginmarkmið að leiðarljósi hefur verið unnið að INSPIRE tilskipuninni innan Evrópusambandsins frá árinu 2001, en þá hófst vinna við að móta innra skipulag umhverfisgagna í aðildarríkjunum. Drög að tilskipuninni voru síðan send Evrópuþinginu í júlí 2004, hún var samþykkt í upphafi árs 2007 og tók formlega gildi 15. maí 2007. Tilskipunin nær til allra aðildarríkja Evrópusambandsins og EES ríkjanna og setur þeim reglur um hvernig skipulag, upplýsingamiðlun og aðgengi landupplýsinga skuli vera og auk þess hvernig eftirliti með gögnunum skuli hátað (sjá texta tilskipunarinnar í Viðauka 1 og <http://inspire.jrc.it/> og þýðingu á: www.lmi.is).

Í 1. gr. tilskipunarinnar segir eftirfarandi um markmiðin:

1. Tilgangur tilskipunarinnar er að kveða á um almennar reglur sem miða að því að kom á fót innra skipulagi fyrir staðbundnar upplýsingar í Evrópusambandinu vegna umhverfisstefnu sambandsins og stefnu eða starfsemi sem kann að hafa áhrif á umhverfið.

2. INSPIRE skal byggja á innra skipulagi fyrir staðbundnar upplýsingar sem aðildarríki stofna til og reka⁷.

1.1 Grundvallaratriði tilskipunarinnar

Þegar unnið var að INSPIRE tilskipuninni voru nokkur atriði lögð til grundvallar og eru þau enn í gildi. Þessi atriði eru⁸:

- Staðbundnum gögnum ætti aðeins að safna einu sinni og viðhalda þar sem þau nýtast best.
- Gögn frá mismunandi stofnunum í Evrópu ætti að vera hægt að nýta saman „saumlaust“ og miðla til mismunandi notenda.
- Gögn sem er safnað á einu stjórnsýslustigi skulu geta nýst á öðrum stjórnsýslustigum.
- Þau gögn sem teljast nauðsynleg til að sinna góðri stjórnsýslu skulu vera til staðar og aðgengileg með skilmálum, sem þó takmarka ekki not þeirra.
- Fyrir staðbundin gögn sem miðlað er til samfélagsins þarf að vera auðvelt að fá upplýsingar um uppruna, til hvaða nota þau eru ætluð og hvað notendaskilyrðum þau eru háð.
- Staðbundin gögn þurfa að vera auðveld í notkun hvað varðar skilning og túlkun og þau þarf að sýna í réttu samhengi á notendavænan hátt.

⁷ Evrópuþingið 2007; DIRECTIVE 2007/2/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 14 March 2007 establishing an Infrastructure for Spatial Information in the European Community (INSPIRE). Official Journal of the European Union, L 108 /1. Brussel.

⁸ Jes Ryttersgaard, 2008: Implementering af INSPIRE direktivet. Miljøministeriet. København.

1.2 Innra skipulag landupplýsinga á Íslandi

Víða um heim hefur verið unnið að því að skilgreina og innleiða svokallað innra skipulag landupplýsinga. Ýmsar skilgreiningar eru til á þessu hugtaki en eftirfarandi skilgreining lýsir því vel:

Innra skipulag landupplýsinga er skilgreint sem „tækni, stefnur, staðlar og mannauður sem þarf til að afla, vinna úr, varðveita, miðla og auka nýtingu á landupplýsingum.“⁹

INSPIRE á að byggjast á innra skipulagi fyrir landupplýsingar, sem aðildarríki koma upp hjá sér (National Spatial Data Infrastructure – NSDI). Þetta skipulag þarf að vera með þeim hætti að það sé samhæft, hægt sé að nota það innan Evrópusambandsins og það takmarkist ekki við landamæri einstakra ríkja. Í tilskipuninni segir jafnframt ¹⁰:


„Innra skipulag fyrir staðbundnar upplýsingar í aðildarríkjunum á að tryggja:

- Að staðbundin gögn séu geymd og séu tiltæk og að þeirra sé gætt þar sem það á best við;
- Að það sé mögulegt að tengja saman staðbundin gögn frá mismunandi stöðum í sambandinu á samrýmanlegan hátt og að notendur og búnaður geti samnýtt þau;
- Að mögulegt sé að safna saman staðbundnum gögnum hjá einum opinberum aðila og nota þau hjá öðrum opinberum aðilum;
- Að aðgengi að staðbundnum gögnum sé þannig að ekki sé dregið um of úr yfirgripsmikilli notkun þeirra;
- Að auðvelt sé að finna tiltæk staðbundin gögn og að meta hve hentug þau eru í ákveðnum tilgangi og að skilyrðin sem eigi við um notkun þeirra séu ljós.“



⁹Federal Geographic Data Committee, 1994. “Spatial Data Infrastructure (SDI) is defined as the technology, policies, standards, and human resources necessary to acquire, process, store, distribute, and improve utilization of geospatial data”

¹⁰ Landmælingar Íslands, 2007. Inspire, drög að þýðingu tilskipunarinnar. Bls. 4.
http://www.lmi.is/Files/Skra_0018889.pdf



Mynd 1. Drög að skipulagi.

Virkt innra skipulag landupplýsinga er mikilvægur þáttur góðrar skilvirkar stjórnsýslu s.s. við ákvarðanatöku, stefnumörkun og til að virkja almenning. Um leið er slíkt skipulag tækifæri fyrir einkamarkaðinn til að þróa nýjar lausnir þar sem landupplýsingar koma við sögu. Með þetta í huga hafa margar þjóðir heims byggt upp innra skipulag landupplýsinga síðasta áratuginn og hefur reynslan sýnt að hjá sumum þeirra er um langtímaverkefni að ræða.¹¹

Hér á landi hefur ekki verið byggt upp formlegt innra skipulag fyrir landupplýsingar þó svo að mikil vakning hafi orðið vegna þessa málaflokks á undanförunum árum. Rannsókn sem Rannís birti 2007 staðfestir það skipulagsleysi sem hefur verið ríkjandi en þar kom m.a. í ljós að aðgangur að gagnagrunnum hins opinbera var mjög mismunandi. Einnig kom fram að til væri töluvert magn gagna sem ekki eru aðgengileg, einkum vegna tíma- og fjárskorts auk skorts á samstarfi¹². Í sumum tilfellum kom fram í könnun Rannís að aðgangur var opin og milliliðalaus á netinu. Í öðrum tilfellum var aðgangur takmarkaður, annað hvort á þann hátt að nauðsynlegt var að fá upplýsingar frá starfsmanni stofnunarinnar eða að upplýsingarnar voru lokaðar með öllu. Ástæður sem nefndar voru fyrir því að gögn væru ekki aðgengileg á netinu voru fyrst og fremst þrjár. Í fyrsta lagi að það hefði ekki gefist tími til að byggja upp heimasíðu grunnsins, í öðru lagi að upplýsingarnar væru það flóknar að það væri

¹¹ Nama Raj Budhathoki and Zorica Nedovic-Budic, 2007. Expanding the spatial data infrastructure knowledge base; Í Research and Theory in advancing spatial data infrastructure concepts. Ed. Harlan onsrud. ESRI press California.

¹² Ásdís Jónsdóttir, 2007. Gagnagrunnar á Íslandi um náttúru, umhverfi og orku. Rannís. Reykjavík.

nauðsynlegt að starfsmaður stofnunarinnar túlkaði þær áður en þær færu í hendur fyrirspyrjanda og í þriðja lagi að einhvers konar trúnaður væri á gögnunum, t.d. við verkkaupa. Í nokkrum tilfellum afmarkaðist aðgangurinn við ákveðinn hóp notenda og í fáeinum var hann veittur gegn gjaldi.

Í nýlegri meistaraprófsritgerð Þorvaldar Bragasonar landfræðings, við jarð- og landfræðiskor Raunvísindadeildar Háskóla Íslands¹³ er fjallað um samræmt skipulag við skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga um landfræðileg gögn á Íslandi. Niðurstöður ritgerðarinnar benda til þess að heildaryfirsýn yfir landfræðileg gögn sé mjög ábótavant hér á landi. Vinna við landfræðileg gögn sé einnig dreifð milli margra fagsviða og skortur sé á samvinnu milli þeirra auk þess sem bæta þurfi þverfaglega þekkingu.

Þrátt fyrir framangreindar hindranir hefur margt áunnist á undanförunum árum sem einkum hefur komið fram í auknu samstarfi milli opinberra stofnana um ýmis verkefni bæði varðandi öflun gagna og miðlun upplýsinga. Þar má nefna grunnverkefni við að innleiða alþjóðlega staðla, opið aðgengi að gögnum á vefnum og sameiginlega uppbyggingu landupplýsingakerfa s.s. náttúruvefsja (www.natturuvefsja.is).

Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld taki skýra forystu við innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar með því að koma á innra skipulagi fyrir staðbundnar upplýsingar. Fyrsta skrefið í þá átt var tekið með nýjum lögum um Landmælingar Íslands sem tóku gildi 1. janúar 2007¹⁴. Í lögnum var skerpt á hlutverki stofnunarinnar við öflun, miðlun og samræmingu landupplýsinga fyrir samfélagið þar sem áherslur Landmælinga Íslands voru færðar frá útgáfu landakorta á samkeppnismarkaði yfir í að gera stofnuninni kleift að vera leiðandi á sviði innra skipulags landupplýsinga á Íslandi.

Þó að fram til þessa hafi ekki verið unnið markvisst að innra skipulagi landupplýsinga í íslenskri stjórnslu hafa áhugamannasamtökin LÍSA¹⁵ (samtök um landupplýsingar á Íslandi) stuðlað að slíkri samræmingu í nokkur ár. LÍSA hefur m.a. staðið fyrir ráðstefnum og fundum þar sem fagaðilar hafa unnið í starfshópum og verið hvattir til samstarfs og miðlunar á þekkingu

Ýmis verkefni og samvinna hafa með beinum og óbeinum hætti stuðlað að uppbyggingu innra skipulags landupplýsinga hér á landi. Má til dæmis nefna verkefni á borð við íslenska upplýsingasamfélagið þar sem með beinum fjárframlögum ríkisins hefur verið hvatt til aukinnar notkunar upplýsingatækni við lausn ýmissa opinberra verkefna og við að efla rafræna stjórnslu. Stafrænn kortagrunnur Landmælinga Íslands af öllu Íslandi, IS 50V, fékk í nokkur ár framlög frá verkefninu. Í IS 50V er notast við gögn frá ýmsum opinberum aðilum og er það því lítið dæmi um innra skipulag landupplýsinga en slíkt vinnulag þarf að taka upp mun víðar í stjórnkerfinu.

¹³ Þorvaldur Bragason og Guðrún Gísladóttir (2007): Varðveisla fjarkönnunargagna á Íslandi og miðlun upplýsinga um þau [English abstract: Preservation of remote sensing data in Iceland and access to information about them]. *Landabréfið* 23:1, 3-24. rEYKJAVÍK

¹⁴ Lög 2006 nr. 103 - Lög um landmælingar og grunnkortagerð. <http://www.althingi.is/lagas/135a/2006103.html>

¹⁵ Sjá heimasíðu LÍSU á <http://www.rvk.is/lisa/>

Stefnumörkun við að koma á innra skipulagi landupplýsinga er í sjálfu sér ekki flókin og öll tækni hefur tekið miklum breytingum, sem auðveldar slíka innleiðingu. Þegar kemur að því að framfylgja stefnunni þarf þó að yfirstíga ýmsar hindranir. Þar má nefna helstar:

- Gagnasnið, þar sem mikið af gögnum er ekki á stafrænu formi eða er á óstöðluðu stafrænu formi.
- Erfitt aðgengi að gögnum vegna leyfismála gagna og höfundarréttar.
- Flókið eða óljóst eignarhald á gögnum.
- Seinangangur og tregða við svörun og afhendingu gagna.
- Rekstrarsamhæfi gagna s.s. vegna mismunandi staðla eða gagnaöflunar¹⁶.
- Skortur á lýsigögnum þó mikilvægi þeirra sé þekkt¹⁷.

Ýmsar erlendar rannsóknir hafa verið gerðar á innra skipulagi landupplýsinga og því er ekki nauðsynlegt að finna upp hjólið í þeim efnum hér á landi. Norðmenn hafa t.d. byggt upp virkt skipulag landupplýsinga sem kallast Norge Digitalt (<http://www.statkart.no/?to=914>). Hefur það verkefni heppnast mjög vel og er notað sem fyrirmynd víða um heim.

Auk INSPIRE tilskipunarinnar eru aðrar tilskipanir og verkefni Evrópusambandsins og verkefni sem ýta á að komið verði á stefnu um innra skipulag landupplýsinga á Ísland¹⁸.



Göngukort af Vestfirðum gefið út af Ferðamálasamtökum Vestfjarða.

¹⁶ Nama Raj Budhathoki and Zorica Nedovic-Budic, 2007. Expanding the spatial data infrastructure knowledge base; Í Research and Theory in advancing spatial data infrastructure concepts. Ed. Harlan onsrud. ESRI press California.

¹⁷ Þorvaldur Bragason og Guðrún Gísladóttir, 2006. Aðgengi að landfræðilegum gögnum og viðhorf notenda til lýsigagnavefs Landlýsingar. Í *Landabréfið* 22 árg. 1. tölubl. Reykjavík.

¹⁸ Sjá kafla 7

2. Ávinningur Íslands við innleiðingu INSPIRE á Íslandi

Í hugmyndafræði INSPIRE tilskipunarinnar felast mikil tækifæri til umbóta hér á landi því vegna hennar er nauðsynlegt að innleiða staðla við skráninguna svo að unnt sé að miðla lýsigögnum og gögnunum sjálfum á netinu. Einnig eru mikil tækifæri til hagræðingar á þessu sviði með markvissari vinnubrögðum s.s. til að koma í veg fyrir tvíverknað og til að auka notkun landfræðilegra gagna til hagsbóta á mörgum sviðum. Segja má að ávinningur að innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar á Íslandi sé í meginatriðum tvíþættur, annars vegar samfélagslegur og hins vegar fjárhagslegur, en um það verður fjallað í kafla 6.

2.1 Samfélagslegur ávinningur

Staðbundin stafræn gögn af Íslandi er að finna hjá ýmsum opinberum stofnunum. Oft koma upp verkefni þar sem nýta þarf mismunandi gögn við greiningar og í sumum tilfellum eins og í neyðartilfellum þarf þessi samnýting að ganga hratt fyrir sig. Til þess að varpa ljósi á samfélagslegan ávinning á Íslandi við innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar er gott að taka nokkur dæmi.

2.1.1 Gögn vegna náttúruhamfara

Staðbundin stafræn gögn eru notuð hjá viðbragðsaðilum við forvarnir, löggæslu og björgunarstörf. Hefur m.a. verið unnið að því safna gögnum um þekkt hættusvæði s.s. vegna mögulegra snjóflóða, eldgosa og flóða. Aðgengi að gögnum af þessum svæðum er nauðsynlegt til að hægt sé að kalla fram mikilvægar upplýsingar ef upp kemur hættuástand. Einnig er mikilvægt að hafa upplýsingar um hvar önnur gögn er að finna í samfélaginu.

2.1.2 Skipulagsmál

Hægt er að spara mikið fé og fyrirhöfn með því að samnýta gögn frá mörgum aðilum þegar kemur að því að skipuleggja ný svæði eða endurskoða gildandi skipulagsáætlanir. Dæmi um slíkt er að leggja saman söguleg gögn um flóð og hæðarlíkan og koma þannig í veg fyrir að byggt verði á flóðasvæðum. Einnig er mjög gagnlegt að skoða ýmsar upplýsingar um jarðfræði við gerð skipulags til að mynda til að koma í veg fyrir að byggt sé á sprungum, sem getur haft ófyrirséðar afleiðingar síðar.



Mynd 2. Flóð í Atlavík (mynd af heimasíðu Skógræktarfélag Íslands).


2.1.3 Náttúruvernd og ferðamennska

Til að tryggja vernd viðkvæmrar náttúru á hálendi Íslands er mikilvægt að nýta sem best staðbundin gögn við hverskonar stjórnsýslulegar ákvarðanir. Dæmi um slíkt eru upplýsingar um afmörkun friðlýstra svæða og vegi og slóða á hálendinu.

2.1.4 Ýmis verkefni

Hægt er að nýta gögn úr ýmsum áttum við margvísleg dagleg verkefni, s.s. þegar gerðar eru áætlanir um landgræðslu á uppblásturssvæðum eða þegar möstur fyrir farsímakerfi eru sett upp, þá getur hagstæðasta staðsetningin sparað mikið fé.

Eins og þessi örfáu dæmi sýna þá er með samnýtingu gagna, sem þegar eru til í samfélaginu, hægt að auka notagildi þeirra töluvert. Það getur líka stuðlað að auknu öryggi borgaranna á ýmsum sviðum og aukinni meðvitund um umhverfið.



3. Innleiðing INSPIRE tilskipunarinnar

Í INSPIRE tilskipuninni eru ákvæði um tímasetningar og gert er ráð fyrir að settar verði skýrar reglur um framkvæmdina. Þeim áföngum sem tilskipunin tilgreinir er lýst í sérstökum köflum hennar, en þeir eru:

- Lýsigögn (Metadata)
- Samhæfing gagna og þjónustu (Interoperability)
- Netþjónusta (Network services)
- Miðlun gagna (Data shearing)
- Samhæfing (Coordination)
- Vöktun og eftirfylgni (Monitoring)

Gert er ráð fyrir því að INSPIRE tilskipunin verði innleidd í áföngum þar sem útbúnar verða reglugerðir, innleiðingarreglur og leiðbeiningar um framangreinda sex meginkafla.



3.1 Hvað tilheyrir INSPIRE

Í 4 gr. INSPIRE tilskipunarinnar er fjallað um hvaða gögn tilheyra henni. Tilskipunin fjallar ekki um að útbúin verði ný gögn heldur að gera aðgengileg þau opinberu landupplýsingagögn sem þegar eru til í Evrópu. Tilskipunin nær eingöngu til landupplýsinga á rafrænu formi og fjallar einkum um miðlun, aðgengi og samræmingu þeirra. Því er innleiðingin mikið tengd tæknilegum aðgerðum og stöðlum. Í þessari skýrslu verður einkum tekið mið af opinberum gögnum í ríkiseign, en að sinni eru gögn sveitarfélaga undanskilin þó að tilskipunin nái í raun yfir gögn í umsjá þeirra. Á seinni stigum þarf að gera sérstaka úttekt á gögnum sveitarfélaga á Íslandi. Gert er ráð fyrir að öll aðildarríkin geri þau gögn sem til eru, samræmd og aðgengileg og að vefgáttir / netþjónustur verði starfræktar ásamt upplýsingavef um gögnin.

3.2 Viðaukar með INSPIRE

Með INSPIRE tilskipunni eru þrjú viðaukar (Annex I-III) þar sem skilgreind eru þau þemu sem tilskipunin nær til. Gögnin verða innleidd í númeraröð og er fyrst lögð áhersla á viðauka 1. Viðaukarnir innihalda eftirfarandi þemu:

Viðauki	Þema
1	Hnitakerfi
	Reitarkerfi
	Örnefni
	Stjórnáskráning
	Heimilisföng
	Lönd og lóðir
	Samgöngur
	Vatnafar
	Vernduð svæði
2	Uppréttar fjarkönnunarmyndir
	Yfirborð
	Hæð
	Jarðfræði
3	Tölfræðilegar einingar
	Byggingar
	Jarðvegur

Viðauki	Þema
3	Landnotkun
	Heilsa manna og öryggi
	Veitur og stjórnsvaldsþjónusta
	Aðstaða til umhverfiseftirlits
	Framleiðsla- og iðnaðaraðstaða
	Aðstaða fyrir landbúnað og fiskeldi
	Dreifing fólksfjölda - lýðfræði
	Svæðisstjórnun og skýrslueiningar
	Náttúruleg áhættusvæði
	Skilyrði í lofthjúpi
	Veðurfræðilegar mælingar
	Haffræðilegar mælingar
	Innhafssvæði
	Líflandfræðileg svæði
	Búsvæði og lífvist
	Útbreiðsla tegunda
	Orkuauðlindir
Jarðefnaauðlindir	

Tafla 1. Þemu sem tilheyra viðaukum INSPIRE tilskipunarinnar.

3.3 INSPIRE vinnuhópar

Þegar INSPIRE tilskipunin var samþykkt voru stofnaðir vinnuhópar á vegum Evrópusambandsins til að vinna að innleiðingareglum fyrir hvern verkþátt tilskipunarinnar. Fjöldmargir sérfræðingar víða að úr Evrópu hafa unnið að þessum reglum í um tvö ár, en flestir þeirra hafa tengsl við korta- og fasteignastofnanir álfunnar. Innleiðingareglurnar fara í gegnum strangt yfirlestrar- og samþykktarferli. Þó að INSPIRE tilskipunin hafi fengið lagalegt gildi er áfram mögulegt að aðlaga og þróa innleiðingareglur og leiðbeiningar, enda nauðsynlegt þar sem tímaspönn verkefnisins er mjög löng og tækniþróun á þessu sviði er mjög ör.



3.4 Áfangaskipt innleiðing

Innleiðing INSPIRE tilskipunarinnar á að verða í áföngum og er gert ráð fyrir að skipulag vegna gagna í viðaukum I og II sé tilbúið á árinu 2011 en gögn sem tilgreind eru í viðauka III skulu vera tilbúin árið 2019. Næsta mikilvæga tímasetning er 15. maí 2009 en þá á að vera búið að innleiða tilskipunina í lög aðildarlanda.

Í töflu 2 má sjá nánari útskýringu á innleiðingunni ásamt dagsetningum¹⁹.

Áfangi	Innleiðing INSPIRE 2008 - 2019	Tímarammi
1	Innleiðing í íslensk lög og skipulag	
	Áætlun fyrir innleiðingu	2008
	Skipulag virkt	2008-2009
	Innleiðing í íslenskum lögum	15. maí 2009
	Samvinna vegna innleiðingar	2019
2	Ákvarðanir tengdar innleiðingareglum	
	Innleiðingarreglur lýsigagna yfirfarnar	2009
	Samræmingarreglur fyrir gögn í viðauka I og tilheyrandi þjónustur	2010
	Samræmingarreglur fyrir gögn í viðauka II og III og tilheyrandi þjón.	2012
	Skipulag fyrir netþjónustur tilbúið	2009
	Tilbúinn aðgangur ESB stofnana að gögnum	2011
Yfirferð reglna fyrir skýrslugerð	2009	
3	Innleiðing á netaðgengi, þjónustu og aðgengi að fyrstu gögnum	
	Netþjónusta fyrir lýsigögn tilbúin til notkunar	2010
	Lýsigöng fyrir gögn í viðauka I og II tilbúin og aðgengileg á vef	2010
	Netþjónusta fyrir gögn tilbúin	2011
	Lýsigögn fyrir netþjónustur tilbúin	2011
	Gögn viðauka I, safnað nýlega eða endurskipulögð, klár í netþjón.	2011
	Afhendingarskilmálar gagna tilbúnir	2011
Fyrsta skýrsla Íslands til ESB	15. maí 2010	
4	Innleiðing gagna úr viðauka II og III	
	Lýsigögn fyrir viðauka III tilbúin til notkunar	2013
	Önnur skýrsla Íslands til ESB	2013
	Nýleg eða endurskipulögð gögn úr viðauka II og III tilbúin í netþjón.	2014
	Eldri gögn sem tilheyra viðauka I, tilbúin í netþjónustu	2016
	Eldri gögn sem tilheyra viðauka II og III, tilbúin í netþjónustu	2019

Tafla 2. Helstu áfangar og dagsetningar við innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar.

¹⁹ Jes Ryttersgaard, 2008: Implementering af INSPIRE direktivet. Miljøministeriet. København.

Í áfanga 1 er unnið að hinni formlegu innleiðingu INSPIRE. Gera þarf áætlun fyrir innleiðinguna, meta kostnað og ávinning hennar auk þess að koma á skipulagi innleiðingarinnar, t.d. hvaða ráðuneyti og stofnun bera ábyrgð og við hvaða stofnanir er haft samráð. Þá þarf einnig að vinna að lagasetningu sem skal vera lokið fyrir 15. maí 2009. Allt þar til innleiðingu INSPIRE er lokið fer mikil vinna í samskipti og skýrslugerðir við stjórnkerfi Íslands og ESB og má þar m.a. nefna norrænt samstarf og þátttaka fulltrúa Íslands í INSPIRE nefndinni í Brussel.

Í áfanga 2 sem hefst 2009 og stendur til 2012, er aðallega verið að fara yfir og innleiða s.k. innleiðingarreglur sem gefnar eru út af Evrópusambandinu. Það eru innleiðingarreglur fyrir lýsigögn, gögn og gagnapjónustur, afhendingu gagna, samræmingu gagna og gagnapjónustu, notkunarrétt og aðgang stofnana ESB/EEA að gögnum sem falla undir INSPIRE og að lokum reglur fyrir skýrslugerð fyrir ESB. Nú þegar er hægt að skoða fyrstu útgáfu gagnapjónustu og lýsigagnavefs ESB á www.inspire-geoportal.eu/index.htm

Áfangi 3 er unninn á árunum 2010 – 2011 og snýst um að gera fyrstu gögn aðgengileg, lýsigagnapjónustur tilbúna og einnig að koma á fót netpjónustu fyrir gögn. Þessum áfanga má skipta upp í tvennt: annarsvegar það sem unnið er af ábygðaraðilum gagna og hinsvegar það sem unnið er af umhverfisráðuneytinu eða Landmælingum Íslands. Í tilskipuninni segir að:

- Aðilar skulu gera gögn sín tilbúin til birtingar í þeim þjónustum sem yfirvöld munu bjóða fram.
- Stjórnvöld skulu koma á fót eftirfarandi þjónustum:
 - Leitarþjónustu og lýsigagnapjónustu
 - Skoðunarþjónustu
 - Niðurhalsþjónustu
 - Vörpunarþjónustu fyrir gögn
 - Vefgátt
- Aðildarríkin **skulu tryggja** að opinber yfirvöld hafi tæknilega getu til að tengja staðbundna gagnagrunna sína og þjónustu við netkerfið, sbr. 12. grein INSPIRE tilskipunarinnar.

Fjórði áfangi innleiðingarinnar felst í því að klára innleiðingu á þeim gögnum sem INSPIRE nær yfir. Þessi áfangi nær frá 2013 – 2019 þegar síðustu gögn eiga að vera tilbúin.

Samstarf	Samstarf milli stofnana, samvinna um innleiðingu og skýrslugerð											
Gögn	Eldri gögn úr viðaukum II og III											
						Ný gögn úr viðaukum II og III						
	Eldri gögn úr viðauka I											
	Ný gögn úr viðauka I											
Lýsigögn	Gögn úr viðauka III											
	Gögn úr viðaukum I og II											
Þjónustur	Niðurhal og vörpun											
Lýsigagnþj.	Leit og skoðun											
Áætlun/skipul.	Innleiðingarreglur											
Lög	15.maí.09											
	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019

Tafla 3. Tímaás innleiðingar INSPIRE á Íslandi

4. Undirbúningur Íslands vegna innleiðingar INSPIRE

Undanfarin ár hafa Landmælingar Íslands ásamt umhverfisráðuneytinu fylgst vel með gangi mála varðandi INSPIRE. Hægt er að skipta þeim undirbúningi sem unninn hefur verið í tvennt þ.e. annars vegar beinan undirbúning (s.s. INSPIRE vinnuhópar) og hinsvegar óbeinan undirbúning sem nýtist við að innleiða innra skipulag landupplýsinga og framfylgja INSPIRE tilskipuninni.

4.1 Beinn undirbúningur

Beinn undirbúningur vegna INSPIRE hér á landi felst einkum í þátttöku í vinnuhópum, innlendum sem erlendum. Unnið hefur verið að því að skoða áhrif INSPIRE tilskipunarinnar hér á landi og að kynna hana fyrir þeim sem hún tengist. Landmælingar Íslands og umhverfisráðuneytið hafa einnig tekið þátt í starfi norræns vinnuhóps auk þess sem fulltrúi frá Landmælingum Íslands situr í INSPIRE Committee.

4.1.1 INSPIRE Committee

INSPIRE Committee er nefnd þar sem sæti eiga fulltrúar allra landa Evrópusambandsins auk Noregs og Íslands. Nefndin fjallar um tillögur vinnuhópa að reglugerðum og leiðbeiningum og tekur endanlegar ákvarðanir er lúta að útfærslu INSPIRE. Umhverfisráðuneytið fyrir hönd Íslands, hefur fulltrúa í þessari nefnd.

4.1.2 Norrænn vinnuhópur og EuroGeographics

Mikil samvinna hefur verið milli korta- og fasteignastofnana á Norðurlöndunum og í Evrópu vegna undirbúnings að innleiðingu INSPIRE. Á grundvelli norræns samstarfs var stofnaður vinnuhópur sem einkum hefur það hlutverk að fylgjast með gerð innleiðingarreglna og vinna að tillögum um lagabreytingar í hverju landi. Nú þegar hafa Finnland, Noregur og Danmörk unnið drög að lagabreytingum vegna INSPIRE (sjá viðauka 3, 4 og 5). Fulltrúi frá Landmælingum Íslands ásamt lögfræðingi frá umhverfisráðuneytinu hafa sótt vinnufundi hópsins.

Á vegum EuroGeographics, samtaka korta og fasteignastofnana í Evrópu hafa verið haldnir kynningafundir um innleiðinguna og upplýsingum hefur verið miðlað s.s. um það sem er að gerast í vinnuhópum INSPIRE. Auk þess eru starfsmenn korta- og fasteignastofnana mjög virkir þátttakendur í vinnuhópum á vegum INSPIRE. Þessar stofnanir leggja einnig til gögn í sameiginlega kortagrunna sem unnir eru á vegum EuroGeographics en þau eru grunn gögn sem munu tengjast framkvæmd INSPIRE. Dæmi um slík gögn eru gagnasett samtakanna s.s. EuroGlobalMap, EuroRegionalMap og EuroBoundaryMap.

4.1.3 Íslenskur vinnuhópur

Óformlegur vinnuhópur á vegum umhverfisráðuneytisins var starfræktur á haustmánuðum 2006. Megin tilgangur hópsins var að skoða undir hvaða ráðuneyti og stofnanir gagnasöfn vegna INSPIRE tilheyrðu, greina þáverandi stöðu gagnagrunnanna og kortleggja hvað vantaði upp á svo að hægt væri að koma þeim á það form sem tilskipunin krefst.

4.1.4 Bréf umhverfisráðuneytisins vegna INSPIRE

Til að leita upplýsinga um hversu víða INSPIRE tilskipunin kynni að hafa áhrif sendi umhverfisráðuneytið út bréf til annarra ráðuneyta ríkisins og til Sambands Íslenskra sveitarfélaga í nóvember 2007. Svar barst frá öllum og var almennt uppi sú skoðun að hagar yrði af innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar á Íslandi. Tilkostnaður var einkum talinn vegna þess að skipuleggja þyrfti gögnin og koma þeim á samræmt form til að bæta aðgengi. Þá er einnig ljóst að fjöldi þeirra stofnana sem eiga gögn sem heyra undir tilskipunina er mismunandi eftir ráðuneytum en flestar heyra undir umhverfisráðuneytið. Samband Íslenskra sveitarfélaga lagði á það áherslu í svari sínu að ef sett yrði löggjöf hér á landi um INSPIRE þá yrði hún ekki of íþyngjandi fyrir sveitarfélögin og að haft verði samráð um gerð lögjafarinnar.

4.1.5 Vinnuhópar Landmælinga Íslands og umhverfisráðuneytisins

Að beiðni umhverfisráðuneytisins var í ágúst 2008 stofnaður vinnuhópur hjá Landmælingum Íslands. Vinnuhópnum var falið að greina núverandi stöðu gagnagrunnanna og kortleggja hvað vantar upp á svo að hægt sé að koma þeim á það form sem tilskipunin krefst. Sá vinnuhópur er enn starfræktur og vann m.a. þessa skýrslu.

Í september 2008 var stofnað til sameiginlegs vinnuhóps umhverfisráðuneytisins og Landmælinga Íslands. Hópnum er ætlað að fylgja eftir innleiðingu INSPIRE á Íslands með skýrslugerð um kostnað og stöðu landupplýsinga auk þess að vinna tillögu að lagafrumvarpi. Hópnum er einnig ætlað að tryggja samráð við ýmsa hagsmunaaðila og að vinna að því að kynna hugmyndafræði og ávinning af því að taka upp INSPIRE.

Mikilvægt er að gera lagabreytingar til þess að hægt sé að innleiða tilskipunina og skoða hvernig hún fellur að annarri stefnumótun stjórnvalda hér á landi. Lagabreytingar þarf að gera fyrir 15. maí 2009, en Landmælingar Íslands hafa látið þýða þau norrænu lagafrumvörp sem tilbúin eru²⁰.



²⁰ Sjá viðauka 3, 4 og 5 – drög að finnskum, dönskum og norskum lögum um INSPIRE.

4.2 Óbeinn undirbúningur


Í raun má segja að undirbúningur við innleiðingu á INSPIRE á Íslandi hafi staðið yfir í allmörg ár. Samstarf vegna landupplýsinga hefur aukist verulega á síðustu árum og sumar stofnanir hafa unnið mikla vinnu við að skipuleggja gögn sín og gera þau aðgengileg. Vert er að nefna nokkur dæmi um verkefni sem nýtast munu við innleiðingu INSPIRE.

4.2.1 Ný lög um Landmælingar og grunnkortagerð

Ný lög um Landmælingar Íslands sem tóku gildi í ársbyrjun 2007 eru liður í að skilgreina betur hlutverk stofnunarinnar og draga hana út úr samkeppni. Með nýjum lögum fengu Landmælingar Íslands aukið hlutverk við samræmingu og miðlun landfræðilegra gagna og upplýsinga.

4.2.2 Íslenskur landupplýsingastaðall – IST 120:2007

Pann 1. maí 2007 kom út íslenskur staðall fyrir flokkun og skráningu landfræðilegra upplýsinga. Staðallinn var samvinnuverkefni fjölmargra opinberra aðila sem höfðu það sameiginlegt að safna landupplýsingum og vista þær. Vinnan við staðalinn var leidd af Landmælingum Íslands í samvinnu við hagsmunaaðila og Staðlaráð Íslands. Staðallinn fellur undir röð tæknistaðla ISO (<http://www.iso.org>) á sviði landupplýsinga, en Landmælingar Íslands hafa unnið yfirlitsskýrslu um þá²¹. Meginmarkmið IST 120:2007 staðalsins falla vel að markmiðum INSPIRE tilskipunarinnar.



4.2.3 Lýsigagnavefurinn Landlýsing

Lýsigagnavefurinn Landlýsing hefur verið starfræktur um nokkurra ára skeið en á honum má nálgast upplýsingar er varða ýmis stafræn kort og landfræðilegar upplýsingar um Ísland. (<http://landlysing.lmi.is/>). Landmælingar Íslands hafa frá upphafi rekið vefinn og séð um að afla upplýsinga í samstarfi við LÍSU samtökin. Reynslan sýnir að lýsigagnavefurinn hefur ekki vaxið né verið mikið notaður²². Lýsigögn eru þó nauðsynleg til dæmis til að veita upplýsingar um uppruna, nákvæmni og tilgang gagna.

4.2.4 LÍSA – samtök um landupplýsingar fyrir alla

LÍSU samtökin eru samstarfsvettvangur ólíkra hagsmunaaðila um aukið aðgengi að landupplýsingum. Samtökin, í samvinnu við félagsmenn sína, hafa á undanförunum árum staðið fyrir fundum og ráðstefnum um samræmingarverkefni á sviði landupplýsinga sem nýtast vel við innleiðingu INSPIRE.

²¹ Anna Guðrún Ahlbrecht og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir, 2008. Evrópskir staðlar á sviði landupplýsinga. Landmælingar Íslands, 2008.

²² Þorvaldur Bragason og Guðrún Gísladóttir, 2006. Aðgengi að landfræðilegum gögnum og viðhorf notenda til lýsigagnavefs Landlýsingar. Í *Landabréfið* 22 árg. 1. tölubl. Reykjavík.

4.2.5 Samvinnuverkefni opinberra aðila

Á undanförunum árum hefur færst mjög í aukana að opinberar stofnanir vinni sameiginlega að settum markmiðum í gagnaöflun og uppbyggingu landupplýsingagrunna. Með þessari samvinnu hefur fengist veigamikil og jákvæð reynsla sem nýtast mun við að uppfylla skilyrði INSPIRE tilskipunarinnar s.s. við að afla gagna aðeins einu sinni og miðlun þeirra innan opinberra kerfisins. Dæmi um samvinnuverkefni sem þessi eru kaup á Spot5 gervitunglamyndum af öllu Íslandi, verkefni um öflun hæðargagna með laser tækni af jöklum landsins og CORINE gagnaöflun um landnotkun og flokkun yfirborðs á Íslandi sem unnin var af Landmælingum Íslands í samvinnu við fjölmargar ríkisstofnanir og sveitarfélög í landinu.

4.2.6 Náttúruvefsjá

Náttúruvefsjá (www.natturuvefsja.is) er kerfi þar sem skrá má inn, halda utanum og miðla gögnum um náttúru Íslands. Hugmyndafræði Náttúruvefsjárinnar er að samnýta opinber gögn um náttúru Íslands og gera þau aðgengileg hverjum sem vill á vefnum. Aðilar að samstarfshópi um Náttúruvefsjá hafa verið Íslenskar orkurannsóknir, Landbúnaðarháskóli Íslands, Landmælingar Íslands, Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Veðurstofan, Veiðimálastofnun og hugbúnaðarfyrirtækið Gagarín. Fyrirtækið Samsýn var einnig ráðgjafi í verkefninu. Reynsla af samvinnu opinberra stofnana við að samræma gögn til sameiginlegra nota mun nýtast mjög vel vegna innleiðingar INSPIRE á Íslandi.

4.2.7 IS 50V stafrænn kortagrunnur af Íslandi

Landmælingar Íslands hafa allt frá árinu 1999 unnið að því að byggja upp og miðla gögnum til samfélagsins í stafrænum kortagrunni sem nefndur er IS 50V. Gagnagrunnurinn byggist á eftirtöldum sjö megin gagnapemum: hæðarlínum, vatnafari, mannvirkjum, samgöngum, mörkum, yfirborði og örnefnum. Í verkefninu hefur verið lögð áhersla á skipulögð vinnubrögð og gæðaeftirlit til að tryggja bestu fánlegu gæði þó að í sumum tilfellum þurfi að gera átak í að afla nýrra gagna vegna aldurs þeirra sem fyrir eru. Jafnframt er lögð áhersla á samvinnu við aðrar sérhæfðar stofnanir s.s. Vegagerðina varðandi vegi, Landbúnaðarháskóla Íslands varðandi kortlagningu yfirborðs og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum varðandi örnefni. Á þennan hátt hefur verið reynt að tryggja að samnýting gagna sé sem best. IS 50V stafræni kortagrunnurinn er notaður víða í samfélaginu s.s. hjá öðrum opinberum stofnunum og hjá einkafyrirtækjum sem hafa þróað sérstakar vörur eða þjónustur fyrir almenning eins og leiðsögukerfi í bíla.

4.2.8 Netrikið Ísland 2008-2012

Núgildandi stefna íslenska ríkisins um upplýsingasamfélagið miðar að því að auka rafræna þjónustu á Íslandi. Undanfarar þessarar stefnu voru Auðlindir í allra þágu 2004-2008 og Íslenska upplýsingasamfélagið 1996-2004. Með þessari stefnumörkun hefur markvisst verið unnið að því að miðla upplýsingum og að samræma þær. Þá hafa fjölmörg verkefni á sviði upplýsingamiðlunar og gagnaöflunar verið styrkt s.s. IS 50V, IST 120:2007 staðallinn og Náttúruvefsjá.

5. Staða íslenskra gagna og ábyrgð stofnana

Á Íslandi er víða að finna staðbundin eða landfræðileg gögn sem heyra undir INSPIRE tilskipunina. Þó svo að ýmislegt hafi verið reynt til þess að „kortleggja hvar þessi gögn er að finna“ s.s. með skráningu í lýsigagnavefinn Landlýsingu, með rannsókn á vegum Rannís árið 2007 og með könnun við gerð þessarar skýrslu, hefur verið erfitt að meta umfangið. Einnig virðist sem að gögn sem þessi hafi oft afar ónákvæma og ósamræmda skráningu milli stofnana og heiti og skilgreiningar á gagnagrunnum eða þekjum eru á reiki, sem gerir mjög erfitt að henda reiður á umfangið. Mörg dæmi eru einnig um að upplýsingar um gögn tengist ákveðnum sérfræðingum sem vinna með þau og þeir einir geti gefið upplýsingar.

Vegna gagnaöflunar fyrir þessa skýrslu var gerð könnun meðal 31 opinbers aðila (að Landmælingum Íslands meðtöldum) sem Landmælingar Íslands og umhverfisráðuneytið töldu að tilskipunin myndi snerta (sjá töflu 3). Þó skal það tekið fram að enn kunna að vera stofnanir sem tilskipunin nær til þó svo að þær hafi ekki verið með í þessari könnun. Hjá hverri stofnun sem haft var samband við var óskað eftir upplýsingum um stafræn gögn sem heyra undir viðauka tilskipunarinnar. Spurningalisti var sendur á tengiliði stofnana, en þeir höfðu verið skipaðir af forstjórum þeirra²³. Þær stofnanir sem leitað var til voru:

Nafn stofnunar	Nafn stofnunar
Brunamálastofnun	Landsvirkjun
Fasteignamat ríkisins	Náttúrufræðistofnun
Flugmálastjórn Íslands	Orkustofnun
Flugstoðir ohf	Óbyggðanefnd
Fornleifavernd ríkisins	RARIK
Hafrannsóknarstofnun	Ríkislögreglustjórnin
Hagstofa Íslands	Siglingastofnun Íslands
Hagþjónusta landbúnaðarins	Skipulagsstofnun
ÍSOR - Íslenskar orkurannsóknir	Skógræktin
Jarðvísindastofnun Háskólans	Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum – Nafnfræðisvið
Landbúnaðarháskóli Íslands	Umhverfisstofnun
Landgræðsla ríkisins	Vatnamælingar Orkustofnunar
Landhelgisgæsla Íslands	Veðurstofa Íslands
Landlæknisembættið	Vegagerðin
Landmælingar Íslands	Veiðimálastofnun
Landsnet hf	

Tafla 4. Stofnanir sem leitað var til með spurningalista um INSPIRE.

Eins og áður hefur komið fram var ekki gerð athugun á gögnum í eigu eða á forsjá íslenskra sveitarfélaga en slíka könnun væri gagnlegt að gera síðar.


²³ Sjá viðauka 9 – hluti af spurningalista sem sendur var.

5.1 Niðurstöður könnunar

Í spurningalista sem sendur var á framangreindar lykilstofnanirnar var einkum spurt um þau gögn sem stofnunin kynni að eiga á stafrænu formi og heyrði til tilskipunarinnar. Leitað var eftir því hvort viðkomandi stofnun aflaði gagnanna sjálf, sæi um dreifingu þeirra, væri umsjónaraðili gagnanna og hvort viðkomandi gögn tengdust lagalegu hlutverki stofnunarinnar²⁴. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður úr könnuninni.

5.1.1 Svörun vegna spurningalistans

Þegar spurningalistinn var sendur út höfðu áður verið send bréf frá Landmælingum Íslands til 29 forstöðumanna stofnanna (tvær stofnanir bættust við síðar) og óskað eftir því að þeir tilnefndu tengilið. Gefinn var 14 daga frestur en þegar sá frestur var liðinn höfðu aðeins níu aðilar tilnefnt tengilið. Þá var erindið ítrekað með tölvupósti og að lokum hafði forstjóri Landmælinga Íslands samband við nokkra forstöðumenn til að óska eftir svörum. Að lokum fengust svör um tengiliði frá öllum nema tveimur stofnunum (sem enn hafa ekki svarað), tilskilinn frest.



Mynd 3. Svörun forstöðumanna stofnana.

Þegar tengiliðir höfðu verið tilnefndir var spurningalistinn sendur til þeirra og tók þá við annar fasi þar sem sett voru ný tímamörk. Síðustu svör vegna þessa þáttar fengust eftir ítrekanir í tölvupósti og síma um mánuði eftir að tímamörk runnu út. Út frá þessari reynslu verður ekki annað metið en að fyrsta hindrun þess að nálgast upplýsingar um landfræðileg gögn fyrir INSPIRE tilskipunina sé mannlegur þáttur og það að sumar stofnanir svari ekki beiðnum um upplýsingar nema eftir talsverðar ítrekanir. Þetta verður að teljast athyglisvert einkum þegar litið er til þess að tregða í svörum á jafnt við um æðstu stjórnendur sem og sérfræðinga. Svipuð reynsla var af svörun við könnun sem gerð var á vegum Rannís²⁵



²⁴ Sjá viðauka 9.

5.1.2 Fjöldi gagnasetta

Út úr könnuninni sem send var á stofnanirnar kom í ljós að skráð voru 232 gagnasett hjá 27 aðilum. Aðeins einn aðili af þeim sem svöruðu, Brunamálastofnun, var ekki með nein gögn sem heyrði undir tilskipunina. Til samanburðar við þau svör sem fengust með spurningalistanum voru borin saman þau gagnasett sem fengist höfðu upplýsingar um hjá Rannís og þau sem skráð voru í lýsigagnavefinn Landlýsingu. Við þá yfirferð kemur í ljós að um 40 gagnasett eru skráð í þeirri könnun umfram það sem upplýsingar fengust um í INSPIRE spurningalistanum²⁶. Skýring á þessu er hugsanlega að um sömu gagnasett sé að ræða en að heiti þeirra séu á reiki og því sé upplýsingagjöf mismunandi eftir því hver sér um að svara hverju sinni. Augljóst er að gagnasett innan stofnana hafa ekki föst heiti og getur það auðveldlega valdið ruglingi. Þá virðist einnig skipta máli hverjir það eru sem sjá um svörin á spurningalistum og skráningar, þ.e. hvort viðkomandi hafi heildar yfirsýn yfir þau gagnasett sem viðkomandi stofnun hefur yfir að ráða.

Gögnin sem fengust með spurningalista INSPIRE skiptast misjafnlega á milli stofnana eins og fram kemur í töflu 5. Samkvæmt töflunni er Umhverfisstofnun með flest gagnasetta sem kemur ekki á óvart þar sem INSPIRE tilskipunin er einkum sett með umhverfissjónarmið í huga.

Heiti stofnunar	Fjöldi gagnasetta
Umhverfisstofnun	37
Landmælingar Íslands	29
Vegagerðin	18
Vatnamælingar	18
Hafrannsóknarstofnun	15
Flugstoðir / Flugmálastjórn	11
Skipulagsstofnun	11
Náttúrufræðistofnun	11
Landgræðslan	10
Orkustofnun	9
Veiðimálastofnun	8
Veðurstofan	8
Siglingastofnun	6
Landlæknisembættið	6
Landsnet	5
RARIK	4
Landbúnaðarháskólinn	4
Landsvirkjun	3
Land- og ferðamálafræðistofa HÍ	3
Fasteignamat ríkisins	3
Hagþjónusta landbúnaðarins	2
Landhelgisgæslan	2
Óbyggðanefnd / forsætisráðuneytið	2
Ríkislögreglustjórnin	2
Skógræktin	2
Stofnun Árna Magnússonar	2
ISOR	1

Tafla 5. Fjöldi gagnasetta sem viðkomandi stofnun taldi tilheyra viðaukum INSPIRE.

Þegar spurt var undir hvaða þemu í viðauka tilskipunarinnar viðkomandi gagnasett fellur kom í ljós að sama gagnasettið gat komið fyrir oftast en einu sinni. Þá kom einnig í ljós að mikill munur er á fjölda þeirra gagnasetta sem tilheyra hverju þemalagi. Það þemalag sem er með flest gagnasettin er „útbreiðsla tegunda“ með 26 gagnasett en „aðstaða fyrir landbúnað og fiskeldi“ og „jarðefnaauðlindir“ eru aðeins með eitt gagnasett hvort. Aðeins eitt þemalag „innhafssvæði“ inniheldur ekkert gagnasett og er það eðlilegt þar sem líklega geta engin hafsvæði við Ísland fallið í þennan flokk.

²⁵ Ásdís Jónsdóttir, 2007. Gagnagrunnar á Íslandi um náttúru, umhverfi og orku. Bls. 5. Rannís. Reykjavík.

²⁶ Sjá gagnasett í samanburðartöflu í viðauka 2

Þegar fjöldi gagnasetta innan hvers þema er skoðað er augljóst að í sumum tilfellum eru margar stofnanir að sýsla með svipuð gögn og verður ekki annað sagt en að þarna séu veruleg tækifæri til frekari samvinnu milli stofnana.


Viðauki	Þema	Fjöldi gagnasetta
1	Hnitakerfi	8
1	Reitakerfi	6
1	Örnefni	22
1	Stjórnsýslueiningar	14
1	Heimilisföng	6
1	Lönd og lóðir	8
1	Samgöngur	11
1	Vatnafar	18
1	Vernduð svæði	5
2	Uppréttar fjarkönnunarmyndir	11
2	Yfirborð	15
2	Hæð	14
2	Jarðfræði	9
3	Tölfræðilegar einingar	3
3	Byggingar	12
3	Jarðvegur	7

Viðauki	Þema	Fjöldi gagnasetta
3	Landnotkun	25
3	Heilsa manna og öryggi	17
3	Veitur og stjórnvaldspjónusta	10
3	Aðstaða til umhverfiseftirlits	10
3	Framleiðsla- og iðnaðaraðstaða	2
3	Aðstaða fyrir landbúnað og fiskeldi	1
3	Dreifing fólksfjölda - lýðfræði	3
3	Svæðisstjórnun og skýrslueiningar	21
3	Náttúruleg áhættusvæði	10
3	Skilyrði í lofthjúp	6
3	Veðurfræðilegar mælingar	3
3	Haffræðilegar mælingar	7
3	Innhafssvæði	0
3	Líflandfræðileg svæði	8
3	Búsvæði og lífvist	13
3	Útbreiðsla tegunda	26
3	Orkuauðlindir	5
3	Jarðefnaauðlindir	1

Tafla 6. Fjöldi gagnasetta hvers þema.

5.1.3 Öflun gagna

Í könnuninni var spurt um öflun gagnanna og var gerður greinarmunur á því hvort stofnanir afla gagnanna sjálfar eða hvort viðkomandi gagna er aflað í samstarfi við aðra (eða fengin frá utanaðkomandi aðilum). Í ljós kom að af þeim 232 gagnasettum sem stofnanirnar hafa yfir að ráða var stærstum hluta þeirra aflað bæði af stofnununum sjálfum og samtarfsaðilum. Þessar niðurstöður eru vísbending um að nú þegar sé talsvert samstarf um gagnaöflun innan stofnana ríkisins eða við einkafyrirtæki sem starfa á þessum sviðum.




Mynd 4. Öflun gagna hjá stofnunum.

5.1.4 Aðgengi gagna og gagnasnið

Í INSPIRE könnuninni var athugað hvort aðgengi að gögnum væri takmarkað að hluta eða öllu leyti. Alls kom í ljós að af gagnasettunum 232 voru 31 gagnasett sem stofnanir merktu „ekki aðgengilegt“. Ástæður þess voru einkum þær að gögnin voru ekki fullfrágengin s.s. fyrir niðurstöður rannsókna eða vegna persónuverndar sjónarmiða.


Þar sem aðgengi að landfræðilegum gögnum getur einnig verið háð sniði gagnanna var einnig skoðað á hvaða sniði þau væru. Ekki fengust svör við þeirri spurningu nema frá 16 af þeim 27 stofnunum sem svöruðu varðandi format gagna. Þegar snið gagnanna er skoðað kemur í ljós að mikill mismunur er á gögnum allt frá því að vera í Word skjölum upp í mjög sérhæfð gagnasnið í landupplýsingakerfum þar sem gögnin eru geymd í sérstökum gagnagrunnum. Þá kom einnig í ljós að innan sömu stofnana eru gögnin oft á mismunandi sniði allt eftir því hvaða gagnasett er verið að skoða hverju sinni. Við mat á sniði gagnanna er augljóst að þær stofnanir sem enn hafa gögnin á Word, Excel eða Access sniði eiga nokkuð mikla vinnu fyrir höndum við að koma þeim inn í töfluskipulag með tengingum við staðsetningu fyrir landupplýsingakerfi. Til þess að sú vinna geti farið fram þurfa stofnanirnar að vita hvaða kröfur og hvaða staðlar eru lagðir til grundvallar vegna INSPIRE, en nú er unnið að því í vinnuhópum INSPIRE innan ESB að setja fram slíkar reglur.



Mynd 5. Aðgengi að gagnasettum.

5.1.5 Lögbundið hlutverk og ábyrgð

Eitt af því sem leitað var upplýsinga um var hvort viðkomandi stofnun hafi það sem lögbundið hlutverk að hafa viðkomandi gagnasett. Í ljós kom að af þeim 232 gagnasettum, sem skráð voru, telja stofnanirnar sig ekki hafa lagalegt hlutverk vegna 80 gagnasetta eða í 34% tilfella. Þá kemur einnig fram að í mörgum tilfellum hafa nokkrar ótengdar stofnanir lögbundið hlutverk í öflun gagna undir sama þemalagi. Slíkt verður að teljast eðlilegt þar sem undir hverju þemalagi rúmast nokkuð fjölbreytt safn gagna, eins og sjá má í lýsingum á viðaukum sjálfrar tilskipunarinnar.²⁷ Athyglisvert er þó að í könnuninni kemur fram að af þeim 80 gagnasettum sem stofnanirnar afla einar, eins og kom fram í kafla 8.1.3. (ekki í samvinnu við aðra), er 31 gagnasett aflað þó svo að viðkomandi stofnun hafi það ekki sem sitt lögbundna hlutverk. Dæmi um slíkt gagnasett eru „landgræðslugirðingar“ Landgræðslunnar og „Jarðsprungukort“ Vatnamælinga. Erfitt



Mynd 6. Hlutverk vegna gagnasetta.

²⁷ Sjá nánar í viðauka 1.

verður að túlka þessar niðurstöður beint en leiða má að því líkur að stofnanir telji sig þurfa að hafa aðgang að viðkomandi gögnum, sem einskönar hjálpargögn við lögbundin hlutverk sín og ekki sé hægt að nálgast þau á annan hátt.

5.2 Fundur með tengiliðum stofnana

Í tengslum við úrvinnslu spurningalistans sem fjallað er um hér að framan héldu Landmælingar Íslands ásamt umhverfisráðuneytinu fund með tengiliðum stofnana. Voru tengiliðirnir boðaðir á þrjá fundi sem haldnir voru samdægurs og var skipt í hópa eftir viðfangsefnum hverrar stofnunar. Alls mættu 20 tengiliðir á fundina. Farið var yfir INSPIRE tilskipunina og hvað áhrif hún mun hafa á opinbera aðila. Því næst fóru fram umræður þar sem helstu umræðuefnin voru:

Gjaldtökumál. Ójafnvægi ríkir nú milli stofnana um hvort opinber gögn eiga að vera gjaldfrjáls eða ekki. Þannig var bent á að Veðurstofa Íslands og Fasteignamat ríkisins fengju ný lög um næstkomandi áramót og fælu önnur lögin í sér gjaldfrjálst aðgengi að gögnum en hin að stofnunin skuli alfarið afla sér tekna án ríkisframlaga með því að selja gögn og þjónustu. Minni stofnanirnar kvörtuðu einkum undan því að þurfa að kaupa aðgang að opinberum gögnum þar sem fjármagn þeirra er takmarkað og oftast þurfa þessar stofnanir gögnin aðeins til uppflettingar eða sem bakgrunnsgögn. Bent var á að INSPIRE tilskipunin heimilar hógværa gjaldtöku en að aðgengi að skoðunar- og lýsigagnavefþjónustu skuli vera án gjaldtöku.

Eignarhald og höfundarréttur. Rætt var um eignarhald á gögnum en í INSPIRE tilskipuninni kemur skýrt fram að ekki sé gengið á rétt aðila er varðar eignarhald eða höfundarrétt.

Gagnasnið. Rætt var um að gögnin væru á mismunandi gagnasniði og það þyrfti að staðla. Þegar innleiðingarreglur vegna gagnaskipta koma frá INSPIRE nefndum Evrópusambandsins mun liggja fyrir hvaða gagnasniða er krafist, einkum vegna miðlunar gagna milli aðildarríkjanna. Í umræðunum kom skýrt fram að margar stofnanir telja sig þurfa að vinna mikla „heimavinnu“ við að koma gögnunum á rétt gagnasnið svo hægt verði að miðla þeim áfram.

Eldri gögn. Eldri gögn eru mikilvæg og aðgengi að þeim þarf að vera tryggt. Lögð var áhersla á að þó svo að stofnanir hugi helst að gagnaskiptum nýrra gagna, þurfi að tryggja að eldri útgáfur gagna séu varðveittar og hægt verði að nálgast þær.

Náttúruvefsjá. Umræður um vefsjár, sem koma þarf upp í tengslum við INSPIRE, tengdust umræðum um Náttúruvefsjá sem nýlega var opnuð út á vefinn. Skoða þarf hvort hægt sé að þróa vefsjár í tengslum við eða í anda Náttúruvefsjár fyrir INSPIRE sem nýttast mun fyrir margar stofnanir.

Hugbúnaður. Rætt var um „Open Source“ hugbúnað fyrir landupplýsingagögn. Hjá Landmælingum Íslands og Veðurstofu Íslands hafa sérfræðingar kynnt sér slíkan hugbúnað og geta miðlað upplýsingum til annarra stofnana. Open source hugbúnaður gæti nýst vel við að koma gögnum yfir á rétt gagnasnið og um leið að lækkað þann kostnað sem annars hlytist vegna hugbúnaðarkaupa.

Fundirnir með tengiliðunum voru góðir og voru fundarmenn jákvæðir í garð tilskipunarinnar. Flestir sáu INSPIRE tilskipunina sem tækifæri til að koma á innra skipulagi landupplýsinga hér á Íslandi. Fundarmenn töluðu einnig um að mikilvægt skref væri að forgangsraða innan stofnana í þá átt að gera gögnin aðgengileg, en slík vinna hafi oft verið látin mæta afgangi.



6. Kostnaður og ávinningur vegna INSPIRE

Þegar undirbúningur INSPIRE tilskipunarinnar stóð yfir var unnin skýrsla fyrir Evrópusambandið um ávinning hennar fyrir meðal land innan sambandsins. Helstu niðurstöður voru að kostnaður við umsýslu gagna og tæknilega þætti væri um 400-600 milljónir ísl. kr. árlega í 10 ár.²⁸ Samfélagslegur ávinningur af INSPIRE tilskipuninni var hinsvegar áætlaður um 1:5 en þar er gert ráð fyrir að ávinningurinn komi fram seinna en útgjöldin. Svipaðar niðurstöður fengust í rannsókn sem gerð var um ávinning INSPIRE í Finnlandi.²⁹

6.1 Arðsemi í samanburði við önnur Evrópuríki

Leiða má að því sterk rök að Ísland sé ekki dæmigert eða meðal Evrópuland þar sem flatarmál þess er aðeins 66% af stærð meðal lands og þar búa aðeins tæp 2% af meðaltalsmannfjölda³⁰. Einnig má nefna að forsætisráðherra, Geir H. Haarde sagði í blaðaviðtali í maí 2008; „*Staðreyndin er sú að á mörgum sviðum tækninnar eru Íslendingar mjög vel staddir og í röð fremstu þjóða heims*“³¹.

Með þetta í huga má gera ráð fyrir að kostnaður Íslands vegna innleiðingar INSPIRE geti verið eitthvað minni en hjá meðaltalsríkinu og sömuleiðis ávinningurinn. Sé meðaltal stærðar og mannfjölda á Íslandi reiknað má gera ráð fyrir að Ísland sé um 30 % af meðaltalsríki Evrópu. Út frá þeirri forsendu og minni grunnkostnaði vegna tæknilegrar getu landsins, má gera ráð fyrir að kostnaður vegna INSPIRE verði um 120 milljónir á ári í 10 ár.³² Áætlaður ávinningur er að sama skapi hugsanlega eitthvað minni en í meðaltals Evrópulandi, þar sem landið er þegar tæknilega vel búið. Því mætti gera ráð fyrir að heildarávinningur Íslands vegna INSPIRE sé um 400 milljónir króna á ári.

Viðskiptaáætlun sem gerð var á fyrri hluta ársins 2008 vegna umsóknar um svonefnda Náttúruvefsjá í verkefnið Netríkið Ísland sýnir að til að uppfylla þær kröfur, sem metnar hafa verið hér að ofan, sé heildarkostnaður um 150 milljónir á þremur árum, eða 50 milljónir á ári³³. Í umsókninni er hins vegar aðeins kostnaðarmat fyrir 8 opinberar stofnanir sem heyra undir umhverfisráðuneytið, en þær eru flestar með mikilvægt hlutverk við öflun og miðlun landupplýsinga á Íslandi. Sé hinsvegar gert ráð fyrir að þessar átta stofnanir vegi um 50% af opinberum stofnunum með landupplýsingagögn má gera ráð fyrir að heildarkostnaður vegna innleiðingar INSPIRE sé um 100 milljónir króna á ári. Þessi niðurstaða fellur nokkuð vel að evrópska módelinu sem gerir ráð fyrir um 120 milljónum króna á ári.

6.2 Mat á kostnaði við að innleiða INSPIRE á Íslandi

Eitt af þeim verkefnum sem umhverfisráðuneytið fól Landmælingum Íslands að vinna og birta í þessari skýrslu var að meta kostnaðinn við að innleiða INSPIRE tilskipunina

²⁸ Hans Dufourmont, 2004. Result task force XIA. ESTA.

²⁹ Timo Kotkasaari, o.fl, 2008. INSPIRE – arbetsgruppens slut-rapport. Jord- og skogsbruksministeriet. Helsingfors.

³⁰ Meðaltals Evrópuland miðar við 27 lönd þar sem meðaltalsstærð er 156.000 km² með 18,3 milljónir íbúa.

³¹ 24stundir, 2008: Netríkið Ísland, sérblað um nýja stefnu um upplýsingasamfélagið og þróunarverkefni í rafrænni stjórnsýslu, bls. 22. Reykjavík.

³² Ísland er 66% + 2% hlutfall af meðaltals EU þjóð alls 68% / 2 = 34% ~ 30%. 30% af 400 milljónum sem er minnsti áætlaði kostnaður er 120 milljónir.

³³ Sjá viðauka 2 - kostnaðarmat úr umsókn til upplýsingasamfélagsins.

á Íslandi. Eftirfarandi kostnaðaráætlun var unnin með því að meta umfang og fjölda gagnasetta hjá 31 stofnun sem leitað var til í könnun sem fjallað er um hér að framan. Alls er um að ræða rúmlega 200 gagnasett og er lagt mat á kostnað við tækniþúnað, utanaðkomandi ráðgjöf, samvinnu og launakostnað innan stofnunar. Auk þess að meta kostnað hjá framangreindum lykilstofnunum er byggt á svipuðum forsendum við að meta kostnað sveitarfélaga. Þeir þættir sem áætlað er að hafi kostnað í för með sér vegna innleiðingar INSPIRE hér á landi eru eftirfarandi:

- Tæknilegir staðlar, innleiðing og notkun.
- Samstarf og skýr hlutverkaskipan á milli samstarfsaðila.
- Miðlun og birting gagna með veflausnum.
- Aðgengi að landupplýsingum.

Tekið skal fram að um er að ræða flókna kostnaðarútreikninga sem spanna vítt svið og snerta stofnanir frá flestum ráðuneytum íslenska ríkisins.

Árlegur kostnaður LMÍ	20 milljónir			
Par af innri kostnaður	9 milljónir			
Par af ytri kostnaður	11 milljónir			
Árlegur kostnaður 11 stærri stofnana	60 milljónir	Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Par af innri kostnaður	23 milljónir	5,5	4,2	7,5
Par af ytri kostnaður	37 milljónir	3,4	2,4	4,8
		2,1	1	3,2
		Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Árlegur kostnaður 18 minni stofnana	36 milljónir	2	1,3	3,1
Par af innri kostnaður	29 milljónir	1,6	0,9	2,8
Par af ytri kostnaður	7 milljónir	0,4	0	0,9
		Meðaltal	Lægsta gildi	Hæsta gildi
Samtals hjá stofnunum	116 milljónir	3,9	1,3	19,9
Par af innri kostnaður	61 milljón	1,3	0,9	9,2
Par af ytri kostnaður	55 milljónir	2,6	0	10,7
Árlegur kostnaður 79 sveitarfélaga	45 milljónir			
Par af innri kostnaður	30 milljónir			
Par af ytri kostnaður	15 milljónir			
Samtals árlega á Íslandi	161 milljón			
Par af innri kostnaður	91 milljón			
Par af ytri kostnaður	70 milljónir			

Tafla 6. Áætlaður árlegur kostnaður vegna INSPIRE innleiðingar 2009 - 2013

Ráðuneyti	Árlegur kostn.
Umhverfiráðuneytið	56 milljónir
Samgönguráðuneytið	13 milljónir
Menntamálaráðuneytið	10 milljónir
Iðnaðarráðuneytið	9 milljónir
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið	9 milljónir
Forsætisráðuneytið	8 milljónir
Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	3 milljónir
Heilbrigðisráðuneytið	2 milljónir
Fjármálaráðuneytið	2 milljónir

Tafla 7. Áætluð árleg kostnaðarskipting ráðuneyta 2009-2013:

Framangreindur kostnaður mun að öllum líkindum falla nokkuð jafnt til á næstu 5 árum en ef markmið INSPIRE nást mun kostnaður við laun og ráðgjöf líklega lækka þegar fram í sækir vegna ávinnings af betra skipulagi og betri samvinnu.

Sérstakur fyrirvari er gerður um mat á kostnaði annarra stofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga en Landmælinga Íslands þar sem ekki var leitað til þeirra beint vegna mats á kostnaði við innleiðingu INSPIRE.



7. Nýtt lagafrumvarp vegna INSPIRE

Til þess að innleiða INSPIRE tilskipunina þarf að vinna að lagabreytingu eða nýjum lögum á Íslandi. Þessi nýju lög þurfa að taka gildi fyrir 15. maí 2009 og er undirbúningur þegar hafinn í umhverfisráðuneytinu. Í nýjum lögum er mikilvægt að fjalla um eftirfarandi þætti:

- a. Ábyrgð umhverfisráðuneytisins þarf að vera skýr og tryggja þarf heimild til að setja nánari reglur með reglugerð.
- b. Lykilstofnun verði falin framkvæmd verkefnisins og að leiða það inn í framtíðina.
- c. Samræmingarnefnd verði sett á laggirnar með skýrt hlutverk við að tryggja sem mestan þunga í verkefnið og sátt um lausnir.
- d. Opinberum stofnunum sé gert skylt að veita aðgang að gögnum sem aflað hefur verið fyrir almannafé.
- e. Miðlun upplýsinga til samfélagsins sé tryggð með vefgátt
- f. Formleg tengsl við Evrópusambandið séu tryggð á vettvangi umhverfisráðuneytisins

Á grundvelli framangreinds liggur beinast við að innleiða INSPIRE í lög með því að breyta gildandi lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006. Þau lög gilda nú þegar um nokkur atriði sem fjallað er um í INSPIRE, s.s. stöðlun upplýsinga, skráningu lýsigagna og miðlun gagna til almennings. Í viðauka 3, 4 og 5 er að finna íslenska þýðingu á drögum laga um INSPIRE frá Finnlandi, Danmörku og Noregi.

7.1 Önnur tengd lög og stefnumótun Evrópusambandsins

INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins hefur mjög sterk tengsl við önnur verkefni eða áætlanir sem sambandið vinnur við að innleiða. Má þar til dæmis nefna áætlun um endurnot opinberra upplýsinga (PSI, 2003/98/EC), stefnu um almennan aðgang að umhverfisupplýsingum (2003/4/EC), tilskipun um vöktun vatnsgæða (2000/60/EC), tilskipun um varnir gegn flóðum (2007/60/EC) og tilskipun um vöktun skóga (2004/788/EC). Einnig má nefna tengd verkefni eins og CORINE landnýtingarverkefnið þar sem landnýting og yfirborðsgerðir í Evrópu eru kortlagðar á 5 ára fresti og upplýsinganet umhverfisstofnana í Evrópu sem nefnist SEIS (Shared Environmental Information System) en þar er byggt á sömu hugmyndafræði og í INSPIRE.

8. Heimildir

Anna Guðrún Ahlbrecht og Þorbjörg Kr. Kjartansdóttir, 2008. Evrópskir staðlar á sviði landupplýsinga. Landmælingar Íslands, 2008.

Ásdís Jónsdóttir, 2007. Gagnagrunnar á Íslandi um náttúru, umhverfi og orku. Rannís. Reykjavík

Evrópuþingið 2007; DIRECTIVE 2007/2/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 14 March 2007 establishing an Infrastructure for Spatial Information in the European Community (INSPIRE). Official Journal of the European Union, L 108 /1. Brussel.

Federal Geographic Data Committee, 1994. „Spatial Data Infrastructure (SDI) is defined as the technology, policies, standards, and human resources necessary to acquire, process, store, distribute, and improve utilization of geospatial data“ (Heimild: Federal Geographic Data Committee, 1994)

Hans Dufourmont, 2004. Result task force XIA. ESTA. http://www.ec-gis.org/inspire/reports/inspire_extended_impact_assessment.pdf

Jes Ryttersgaard, 2008: Implementering af INSPIRE direktivet. Miljøministeriet. København.

Landmælingar Íslands, 2007: Inspire, drög að þýðingu tilskipunarinnar. http://www.lmi.is/Files/Skra_0018889.pdf

Lantmäteriet, 2007: Myndigheters ansvar gällande Inspire-direktivets datateman., Dnr 505-2007/1331. Lantmäteriet, Gävle

LÍSA <http://www.rvk.is/lisa/>

Lög 2006 nr. 103 - Lög um landmælingar og grunnkortagerð. <http://www.althingi.is/lagas/135a/2006103.html>

Nama Raj Budhathoki and Zorica Nedovic-Budic, 2007. Expanding the spatial data infrastructure knowledge base; Í Research and Theory in advancing spatial data infrastructure concepts. Ed. Harlan Onsrud. ESRI press California

Timo Kotkasaari, o.fl 2008. INSPIRE – arbetsgruppens slut-rapport. Jord- og skogsbruksministeriet. Helsingfors. http://www.mmm.fi/attachments/5eWDNtABr/5vTBge2uK/Files/CurrentFile/INSPIRE-tyoryhman_loppuraportti_ruotsi.pdf

Þorvaldur Bragason og Guðrún Gísladóttir, 2006. Aðgengi að landfræðilegum gögnum og viðhorf notenda til lýsigagnavefs Landlýsingar. Í Landabréfið 22 árg. 1. tölubl. Reykjavík.

Þorvaldur Bragason og Guðrún Gísladóttir (2007): Varðveisla fjarkönnunargagna á Íslandi og miðlun upplýsinga um þau [English abstract: Preservation of remote sensing data in Iceland and access to information about them]. *Landabréfið* 23:1, 3-24

24stundir, 2008: Netríkið Ísland, Netríkið Ísland, sérblað um nýja stefnu um upplýsingasamfélagið og þróunarverkefni í rafrænni stjórnsýslu. Reykjavík.

Ljósmyndir: Guðni Hannesson, Gunnar H. Kristinsson.

9. Viðaukar

Viðauki 1. Íslensk þýðing INSPIRE tilskipunarinnar

Íslensk þýðing INSPIRE tilskipunarinnar ásamt tilskipuninni sjálfri á ensku. Þýðingin er unnin fyrir LMÍ

INSPIRE tilskipunin – íslensk þýðing LMÍ 22.sept.2008	INSPIRE tilskipunin – ensk útgáfa frá EB
<p><i>(Acts adopted under the EC Treaty/Euratom Treaty whose publication is obligatory)</i></p> <p style="text-align: center;">TILSKIPANIR TILSKIPUN 2007/2/EC EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS frá 14 mars 2007</p> <p>Gerð innra skipulags fyrir staðbundnar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE)</p> <p>EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUBANDALAGSINS</p> <p>Hafa með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins og einkum greinar 175(1) í honum, með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar, með hliðsjón af álitum evrópsku efnahags- og félagsmálanefndarinnar¹, eftir að hafa ráðfært sig við svæðanefndina, í samræmi við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 251. grein sáttmálans, á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 17. janúar 2007²,</p> <p>og að teknu tilliti til:</p> <p>(1) Umhverfisstefna bandalagsins skal miða að viðtækri vernd og taka tillit til fjölbreytni aðstæðna á hinum ýmsu svæðum bandalagsins. Upplýsingar, þar með taldar staðbundnar upplýsingar, þurfa einnig að vera fyrir hendi til að hægt sé að mynda og framkvæma þessa stefnu og aðra stefnu bandalagsins sem verða að samþætta umhverfisverndarkröfur í samræmi við grein 6 í stofnsáttmálanum. Til þess að þessi samþætting geti átt sér stað, þarf að koma á nokkurri samhæfingu á milli notenda og þeirra</p>	<p><i>(Acts adopted under the EC Treaty/Euratom Treaty whose publication is obligatory)</i></p> <p style="text-align: center;">DIRECTIVES DIRECTIVE 2007/2/EC OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL of 14 March 2007 establishing an Infrastructure for Spatial Information in the European Community (INSPIRE)</p> <p>THE EUROPEAN PARLIAMENT AND THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,</p> <p>Having regard to the Treaty establishing the European Community, and in particular Article 175(1) thereof, Having regard to the proposal from the Commission, Having regard to the opinion of the European Economic and Social Committee (1), After consulting the Committee of the Regions, Acting in accordance with the procedure laid down in Article 251 of the Treaty, in the light of the joint text approved by the Conciliation Committee on 17 January 2007 (2),</p> <p>Whereas:</p> <p>(1) Community policy on the environment must aim at a high level of protection taking into account the diversity of situations in the various regions of the Community. Moreover, information, including spatial information, is needed for the formulation and implementation of this policy and other Community policies, which must integrate environmental protection requirements in accordance with Article 6 of the Treaty. In order to bring about such integration, it is necessary to establish a measure of coordination between the users</p>

sem upplýsingarnar veita þannig að tengja megi saman upplýsingar og þekkingu úr mismunandi geirum.

(2) Sjötta umhverfisaðgerðaáætlunin, sem tekin var upp með ákvörðun nr. 1600/2002/EC frá Evrópuþinginu og ráðinu frá 22. júlí 2002³ þýðir að gæta verður vel að því að tryggt sé að umhverfisstefnumörkun bandalagsins sé fylgt eftir með samþættingu og að tekið sé mið af mismunandi aðstæðum á hverju svæði og á hverjum stað. Hér eru vandamál sem snerta hve tiltækar staðbundnu upplýsingarnar eru, hver gæði þeirra eru, skipulag, aðgengi og hvaða samnýting þarf að eiga sér stað til þess að markmiðum áætlunarinnar megi ná.

(3) Vandamál sem snerta hve tiltækar staðbundnu upplýsingarnar eru, hver gæði þeirra eru, skipulag, aðgengi og samnýting finnast í miklum fjölda stefnu- og upplýsingaþema sem eru í umsjá ýmissa aðila hjá opinberum yfirvöldum. Til þess að leysa þessi vandamál þarf að takast á við þætti sem tengjast því að aðilar skiptist á, samnýti og geti nálgast og notað rekstrarsamhæfð staðbundin gögn og gagnþjónustu á ýmsum sviðum hjá hinu opinbera og í mismunandi geirum. Innra skipulagi fyrir staðbundnar upplýsingar í bandalaginu ætti því að koma á fót.

(4) Innra skipulag fyrir staðbundnar upplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) á að hjálpa til við stefnumörkun og starf það sem kann að hafa bein eða óbein áhrif á umhverfið.

OJ C 221, 8.9.2005, bls. 33.

² Álit Evrópuþingsins frá 7. júní 2005 (OJ C 124 E, 25.5.2006, bls. 116), almenn afstaða ráðsins frá 23. janúar 2006 (OJ C 126 E, 30.5.2006, bls. 16) og afstaða Evrópuþingsins frá 13. júní 2006 (ekki enn útgefin í *Official Journal*). Ákvörðun ráðsins frá 29. janúar 2007 og lagalegar niðurstöður Evrópuþingsins frá 13. febrúar 2007 (ekki enn útgefið í *Official Journal*)

³ OJ L 242, 10.9.2002, bls. 1.

and providers of the information so that information and knowledge from different sectors can be combined.

(2) The Sixth Environment Action Programme adopted by Decision No 1600/2002/EC of the European Parliament and of the Council of 22 July 2002 (3) requires full consideration to be given to ensuring that the Community's environmental policy-making is undertaken in an integrated way, taking into account regional and local differences. A number of problems exist regarding the availability, quality, organisation, accessibility and sharing of spatial information needed in order to achieve the objectives set out in that programme.

(3) The problems regarding the availability, quality, organisation, accessibility and sharing of spatial information are common to a large number of policy and information themes and are experienced across the various levels of public authority. Solving these problems requires measures that address exchange, sharing, access and use of interoperable spatial data and spatial data services across the various levels of public authority and across different sectors. An infrastructure for spatial information in the Community should therefore be established.

(4) The Infrastructure for Spatial Information in the European Community (Inspire) should assist policy-making in relation to policies and activities that may have a direct or indirect impact on the environment.

(1) OJ C 221, 8.9.2005, p. 33.

(2) Opinion of the European Parliament of 7 June 2005 (OJ C 124 E, 25.5.2006, p. 116), Council Common Position of 23 January 2006 (OJ C 126 E, 30.5.2006, p. 16) and Position of the European Parliament of 13 June 2006 (not yet published in the *Official Journal*). Decision of the Council of 29 January 2007 and legislative resolution of the European Parliament of 13 February 2007 (not yet published in the *Official Journal*).

(3) OJ L 242, 10.9.2002, p. 1.

(5) INSPIRE á að byggjast á innra skipulagi fyrir staðbundnar upplýsingar sem aðildarríki koma upp hjá sér og sem samræmast almennum framkvæmdareglum og styðjast við aðgerðir bandalagsins. Þessar aðgerðir ættu að tryggja að innra skipulag fyrir staðbundnar upplýsingar, sem aðildarríki stofna til, sé samhæft og að hægt sé að nota það í bandalaginu og það takmarkist ekki við landamæri einstakra ríkja.

¹(6) Innra skipulag fyrir staðbundnar upplýsingar í aðildarríkjunum á að tryggja að staðbundin gögn séu geymd og séu tiltæk og að þeirra sé gætt þar sem það á best við; að það sé mögulegt að tengja saman staðbundin gögn frá mismunandi stöðum í bandalaginu á samrýmanlegan hátt og að notendur og búnaður megi samnýta þau; að mögulegt sé að safna saman staðbundnum gögnum hjá einum opinberum aðila og nota þau hjá öðrum opinberum aðilum; að aðgengi að staðbundnum gögnum sé þannig að ekki sé dregið um of úr yfirgripsmikilli notkun þeirra; að auðvelt sé að finna tiltæk staðbundin gögn og að meta hve hentug þau eru í ákveðnum tilgangi og að skilyrðin sem eigi við um notkun þeirra séu ljós.

(7) Nokkur skörun er á staðbundnum upplýsingum sem þessi tilskipun nær til og upplýsingum þeim sem fjallað var um í tilskipun 2003/4/EC frá Evrópuþinginu og ráðinu frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að umhverfisupplýsingum¹. Þessi tilskipun ætti að vera með fyrirvara um tilskipun 2003/4/EC.

(8) Þessi tilskipun ætti að vera með fyrirvara um tilskipun 2003/98/EC frá Evrópuþinginu og ráðinu frá 17. nóvember 2003 um endurnotkun á upplýsingum úr opinbera geiranum² en markmið þeirra er að styðja við þau markmið sem eru í þessari tilskipun.

(9) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á tilvist eða eignaraðild varðandi hugverkarétt opinberra aðila.

(5) Inspire should be based on the infrastructures for spatial information that are created by the Member States and that are made compatible with common implementing rules and are supplemented with measures at Community level. These measures should ensure that the infrastructures for spatial information created by the Member States are compatible and usable in a Community and transboundary context.

(6) The infrastructures for spatial information in the Member States should be designed to ensure that spatial data are stored, made available and maintained at the most appropriate level; that it is possible to combine spatial data from different sources across the Community in a consistent way and share them between several users and applications; that it is possible for spatial data collected at one level of public authority to be shared between other public authorities; that spatial data are made available under conditions which do not unduly restrict their extensive use; that it is easy to discover available spatial data, to evaluate their suitability for the purpose and to know the conditions applicable to their use.

(7) There is a degree of overlap between the spatial information covered by this Directive and the information covered by Directive 2003/4/EC of the European Parliament and of the Council of 28 January 2003 on public access to environmental information (1). This Directive should be without prejudice to Directive 2003/4/EC.

(8) This Directive should be without prejudice to Directive 2003/98/EC of the European Parliament and of the Council of 17 November 2003 on the re-use of public sector information (2), the objectives of which are complementary to those of this Directive.

(9) This directive should not affect the existence or ownership of public authorities' intellectual property rights.

(10) Tilkoma INSPIRE mun þýða töluverðan virðisauka fyrir aðrar ráðstafanir bandalagsins – og mun hún einnig njóta góðs af þeim – s.s. að því er tekur til reglugerðar ráðsins (EC) nr. 876/2002 frá 21. maí 2002 þar sem stofnað var til sameiginlegs Galileo-staðarákvörðunarverkefnis³ og til tilkynn-ingar frá framkvæmdastjórn til Evrópuþingsins og ráðsins, áætlun um „Alþjóðlegt eftirlit með umhverfi og öryggi borgaranna (GMES): Að koma upp GMES þjónustu fyrir 2008 – (Aðgerðaáætlun (2004-2008))”. Aðildarríki ættu að íhuga að nýta sér gögn og þjónustu í tengslum við Galileo og GMES þegar þau verða tiltæk, sérstaklega að því er varðar tíma- og staðarákvarðanir frá Galileo.

(11) Margt er gert hjá einstökum aðildarríkjum og hjá bandalaginu til að safna saman, samræma og skipuleggja dreifingu og notkun á staðbundnum upplýsingum. Slíkt er hægt að gera með löggjöf hjá bandalaginu s.s. með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EC frá 17. júlí 2000 um að fara eftir evrópskum lista um útblástur mengandi efna,, (EPER) samkvæmt grein 15 í tilskipun ráðsins 96/61/EC varðandi heildstæðar mengunarvarnir og eftirlit (IPPC)⁴ og reglugerð (EC) nr. 2152/2003 frá Evrópuþinginu og ráðinu 17. nóvember 2003 varðandi eftirlit með skógum og umhverfispáttum í bandalaginu (Skógavöktun)⁴, innan rammaverkefnis þar sem bandalagið veitir styrki (til dæmis varðandi CORINE landnýtingarþekju og evrópskt upplýsingakerfi um samgöngustefnu) eða sem gæti tengst ráðstöfunum einstakra ríkja eða tiltekinna svæða. Þessi tilskipun mun ekki einungis styðja frekar slíkar ráðstafanir með því að skapa ramma sem gerir þær rekstrarsamhæfðar, heldur mun hún einnig byggja á fyrirbyggjandi reynslu og tillögum til að komast hjá því að endurtaka þá vinnu sem þegar hefur verið unnin.

1) OJ L 41, 14.2.2003, bls. 26.

2) OJ L 345, 31.12.2003, bls. 90.

3) OJ L 138, 28.5.2002, bls. 1.

4) OJ L 192, 28.7.2000, bls. 36.

5) OJ L 324, 11.12.2003, bls. 1. Reglugerð eins og endurbætt með reglugerð (EC) nr. 788/2004 (OJ L 138, 30.4.2004, bls. 17).

(10) The establishment of INSPIRE will represent significant added value for — and will also benefit from — other Community initiatives such as Council Regulation (EC) No 876/2002 of 21 May 2002 setting up the Galileo Joint Undertaking (3) and the Communication from the Commission to the European Parliament and the Council ‘Global Monitoring for Environment and Security (GMES): Establishing a GMES capacity by 2008 — (Action Plan (2004 to 2008))’. Member States should consider using the data and services resulting from Galileo and GMES as they become available, in particular those related to the time and space references from Galileo.

(11) Many initiatives are taken at national and Community level to collect, harmonise or organise the dissemination or use of spatial information. Such initiatives may be established by Community legislation, such as Commission Decision 2000/479/EC of 17 July 2000 on the implementation of a European pollutant emission register (EPER) according to Article 15 of Council Directive 96/61/EC concerning integrated pollution prevention and control (IPPC) (4) and Regulation (EC) No 2152/2003 of the European Parliament and of the Council of 17 November 2003 concerning monitoring of forests and environmental interactions in the Community (Forest focus) (5), in the framework of Community funded programmes (for example Corine land cover, European Transport Policy Information System) or may emanate from initiatives taken at national or regional level. This Directive will not only complement such initiatives by providing a framework that will enable them to become interoperable, but it will also build upon existing experience and initiatives rather than duplicate the work that has already been done.

(1) OJ L 41, 14.2.2003, p. 26.

(2) OJ L 345, 31.12.2003, p. 90.

(3) OJ L 138, 28.5.2002, p. 1.

(4) OJ L 192, 28.7.2000, p. 36.

(5) OJ L 324, 11.12.2003, p. 1. Regulation as amended by Regulation (EC) No 788/2004 (OJ L 138, 30.4.2004, p. 17).

(12) Þessi tilskipun á að varða staðbundin gögn sem opinberir aðilar ráða eða hafa umsjón með og á við notkun á staðbundnum gögnum hjá opinberum aðilum sem eru að vinna að opinberum verkefnum sínum. Þetta á þó, að uppfylltum vissum skilyrðum, einnig að eiga við um staðbundin gögn sem einstaklingar eða lögaðilar, sem ekki eru opinber yfirvöld, hafa með höndum, að því tilskildu að þessir einstaklingar eða lögaðilar æski þess.

(13) Þessari tilskipun er ekki ætlað að setja fram kröfur um að safna skuli nýjum gögnum eða að skýra skuli framkvæmdastjórninni frá upplýsingum um slíkt þar eð fyrir þeim málum er séð með annarri löggjöf sem tengist umhverfinu.

(14) Framkvæmd á þáttum varðandi innra skipulag hvers ríkis ætti að vera framsækin og því ættu þemu staðbundinna upplýsinga sem tilskipun þessi nær til að fá mismunandi forgangsröðun. Framkvæmdin ætti að taka mið af því hve mikil þörf er á staðbundnum gögnum varðandi mismunandi nýtingu á ýmsum fagsviðum, af því hver forgangsröð á aðgerðum þarf að vera samkvæmt stefnu bandalagsins sem gerir ráð fyrir samræmdum staðbundnum gögnum, og af þeim framgangi sem samræmingaráttak hefur þegar leitt til hjá aðildarríkjunum.

(15) Það sem helst hindrar að fyrirliggjandi gögn séu nýtt til fullnustu er að tími er ekki nægur og úrræði eru ónóg þegar verið er að leita að staðbundnum gögnum sem til eru eða það er vegna þess að verið er að athuga hvort gögnin nýtist við tiltekna aðstæður. Aðildarríki ættu því hafa tiltæka, á lýsigagnaformi, lýsingu á tiltækum staðbundnum gagnagrunnum og þjónustu

(16) Þar eð margskonar snið og uppbygging á skipulagi og aðgengi staðbundinna gagna hjá bandalaginu hindrar skilvirka gerð, framkvæmd, eftirlit og mat á löggjöf bandalagsins, sem beint eða óbeint hefur áhrif á umhverfið, ætti að vera unnt að grípa til aðgerða sem gætu auðveldað notkun staðbundinna gagna frá ýmsum aðildarríkjum. Þessar aðgerðir ættu að vera þannig að

(12) This Directive should apply to spatial data held by or on behalf of public authorities and to the use of spatial data by public authorities in the performance of their public tasks. Subject to certain conditions, however, it should also apply to spatial data held by natural or legal persons other than public authorities, provided that those natural or legal persons request this.

(13) This Directive should not set requirements for the collection of new data, or for reporting such information to the Commission, since those matters are regulated by other legislation related to the environment.

(14) The implementation of the national infrastructures should be progressive and, accordingly, the spatial data themes covered by this Directive should be accorded different levels of priority. The implementation should take account of the extent to which spatial data are needed for a wide range of applications in various policy areas, of the priority of actions provided for under Community policies that need harmonised spatial data and of the progress already made by the harmonisation efforts undertaken in the Member States.

(15) The loss of time and resources in searching for existing spatial data or establishing whether they may be used for a particular purpose is a key obstacle to the full exploitation of the data available. Member States should therefore provide descriptions of available spatial data sets and services in the form of metadata.

(16) Since the wide diversity of formats and structures in which spatial data are organised and accessed in the Community hampers the efficient formulation, implementation, monitoring and evaluation of Community legislation that directly or indirectly affect the environment, implementing measures should be provided for in order to facilitate the use of spatial data from different sources across the

staðbundnir gagnagrunnar verði rekstrarsamhæfir og aðildarríki ættu að tryggja að öll gögn og upplýsingar sem þarf til að rekstrarsamhæfi náist verði tiltæk við skilyrði sem hamla ekki notkun þeirra í þeim tilgangi. Framkvæmdareglur ættu, ef kostur er, að byggja á alþjóðlegum stöðlum og ættu ekki að leiða til óhóflegs tilkostnaðar fyrir aðildarríki.

(17) Netþjónusta er nauðsynleg til þess að ýmis opinber yfirvöld í bandalaginu geti sameiginlega nýtt sér staðbundin gögn. Þessi netþjónusta ætti að gera það mögulegt að finna, varpa, skoða og hlaða niður staðbundnum gögnum og að kalla fram staðbundin gögn og rafræna viðskiptaþjónustu. Netþjónustukerfi ættu að vinna í samræmi við almennt viðurkenndar forskriftir og vera með lágmarks vinnslugetu til þess að tryggja að innra skipulag aðildarríkjanna sé rekstrarsamhæft. Netþjónustukerfi ættu einnig að vera tæknilega þannig búin að opinber yfirvöld geti séð til þess að staðbundnir gagnagrunnar, þekjur og þjónusta sé allt tiltækt

(18) Vissir staðbundnir gagnagrunnar og þjónusta sem skiptir stefnumörkun bandalagsins máli og sem beint eða óbeint hefur áhrif á umhverfið er í umsjá og er rekið af þriðja aðila. Því ættu aðildarríki að bjóða þriðju aðilum upp á möguleika á að leggja fram gögn og upplýsingar til innra skipulags ríkja svo framarlega sem samhengi og að auðvelt sé að nota staðbundnu gögnin og staðbundnu gagnþjónustuna, sem þetta innra skipulag nær yfir, breytist ekki til hins verra.

(19) Reynslan í aðildarríkjunum hefur sýnt að til þess að nota megi innra skipulag fyrir staðbundnar upplýsingar með góðum árangri, er það mikilvægt að lágmarksaðgangur að þjónustu standi almenningi til boða án endurgjalds. Því ættu aðildarríki að veita, að minnsta kosti og án endurgjalds, þá þjónustu að hægt sé að finna og skoða - að vissum tilteknum skilyrðum uppfylltum - staðbundna gagnagrunna.

Member States. Those measures should be designed to make the spatial data sets interoperable, and Member States should ensure that any data or information needed for the purposes of achieving interoperability are available on conditions that do not restrict their use for that purpose. Implementing rules should be based, where possible, on international standards and should not result in excessive costs for Member States.

(17) Network services are necessary for sharing spatial data between the various levels of public authority in the Community. Those network services should make it possible to discover, transform, view and download spatial data and to invoke spatial data and e-commerce services. The services of the network should work in accordance with commonly agreed specifications and minimum performance criteria in order to ensure the interoperability of the infrastructures established by the Member States. The network of services should also include the technical possibility to enable public authorities to make their spatial data sets and services available.

(18) Certain spatial data sets and services relevant to Community policies that directly or indirectly affect the environment are held and operated by third parties. Member States should therefore offer third parties the possibility of contributing to the national infrastructures, provided that the cohesion and ease of use of the spatial data and spatial data services covered by those infrastructures is thereby not impaired.

(19) Experience in the Member States has shown that it is important, for the successful implementation of an infrastructure for spatial information, that a minimum number of services be made available to the public free of charge. Member States should therefore make available, as a minimum and free of charge, the services for discovering and, subject to certain specific conditions, viewing spatial data sets.

(20) Til þess að stuðla að því að innra skipulag ríkis og INSPIRE nái að falla saman, ættu aðildarríkin að bjóða upp á aðgang að innra skipulagi sínu um internetgátt hjá bandalaginu sem rekin væri af framkvæmdastjórn, og einnig um allar þær aðgangsgáttir sem ríkin sjálf ákveða að reka.

(21) Til þess að gera upplýsingar frá ýmsum stigum opinberrar þjónustu tiltækar, ættu aðildarríki að fjarlægja raunverulegar hindranir sem opinber yfirvöld standa frammi fyrir í hverju ríki, á hverju svæði eða stað þegar þau vinna að opinberum verkefnum sínum sem kunna að hafa bein eða óbein áhrif á umhverfið.

(22) Opinber yfirvöld þurfa að eiga greiðan aðgang að viðkomandi staðbundnum gagnagrunnum og þjónustu þegar þau vinna að verkefnum sínum. Slíkur aðgangur getur takmarkast ef opinber yfirvöld þurfa alltaf að semja sérstaklega um hann í hvert sinn sem eftir honum er sóst. Aðildarríki ættu að grípa til nauðsynlegra aðgerða og koma í veg fyrir slíkar hindranir þegar skiptast þarf á gögnum og notast til dæmis við samkomulag sem þá þegar hefur náðst milli opinberra stjórnvalda.

(23) Þegar um er að ræða að opinbert yfirvald útvegar öðru opinberu yfirvaldi í sama aðildarríki staðbundna gagnagrunna og þjónustu sem þarf til að uppfylla skyldur um skýrslugjöf samkvæmt bandalagslöggjöf varðandi umhverfið, ætti aðildarríkið að geta ákveðið að þessi staðbundnu gagnagrunna og þjónusta skuli vera endurgjaldslaus. Þegar ríkisstjórn og önnur opinber stjórnvél og einstaklingar eða lögaðilar sem vinna að opinberum störfum samkvæmt lögum ríkisins nota sameiginlega staðbundin gögn og þjónustu, ætti að taka mið af þörfinni á að vernda fjárhagslega hagsmuni opinberra yfirvalda, sérstaklega þeirra sem ber skylda til að afla sér tekna. Hvað sem því líður, ættu engin gjöld sem lögð eru á að vera hærri en sem nemur því sem það kostar að safna þeim, búa þau til, afrita og dreifa með eðlilegan arð af fjárfestingu í huga.

(20) In order to assist the integration of the national infrastructures into Inspire, Member States should provide access to their infrastructures through a Community geoportal operated by the Commission, as well as through any access points they themselves decide to operate.

(21) In order to make information from various levels of public authority available, Member States should remove the practical obstacles faced in that regard by public authorities at national, regional and local level when performing their public tasks that may have a direct or indirect impact on the environment.

(22) Public authorities need to have smooth access to relevant spatial data sets and services during the execution of their public tasks. Such access can be hindered if it depends on individual ad hoc negotiations between public authorities every time access is required. Member States should take the necessary measures to prevent such practical obstacles to the sharing of data, using for example prior agreements between public authorities.

(23) Where a public authority supplies another public authority in the same Member State with spatial data sets and services required for the fulfilment of reporting obligations under Community legislation relating to the environment, the Member State concerned should be free to decide that those spatial data sets and services shall not be subject to any charging. The mechanisms for sharing spatial data sets and services between government and other public administrations and natural or legal persons performing public administrative functions under national law should take into account the need to protect the financial viability of public authorities, in particular those that have a duty to raise revenue. In any event, any charges applied should not exceed the cost of collection, production, reproduction and dissemination together with a reasonable return on investment.

(24) Þegar veitt er netþjónusta ætti hún að hlíta að fullu meginreglum um vernd persónugagna í samræmi við tilskipun 95/46/EC frá Evrópuþinginu og ráðinu frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga með tilliti til vinnslu á persónugögnum og varðandi frjálsan flutning á slíkum gögnum¹.

(25) Rammafyrirkomulag, sem tengist sameiginlegri notkun opinberra yfirvalda á staðbundnum gögnum, sem tilskipunin kveður á um að beri að nota sameiginlega, á að vera hlutlaust, bæði með tilliti til opinberra yfirvalda innan aðildarríkis og einnig m.t.t. opinberra yfirvalda í öðrum aðildarríkjum og stofnunum bandalagsins. Þar eð stofnanir og aðilar bandalagsins þurfa iðulega að samþætta og meta staðbundnar upplýsingar frá öllum aðildarríkjum, ættu þeir að geta nálgast og notað staðbundin gögn og samræmda staðbundna gagnþjónustu.

(26) Með það í huga að efla virðisaukandi þjónustu hjá þriðja aðila og þannig að til hagsbóta verði fyrir opinber yfirvöld og almenning, er nauðsynlegt að auðvelda aðgengi að staðbundnum gögnum sem ná út yfir stjórnsýslumörk og landamæri ríkja.

(27) Ef hægt á að vera að nota innra skipulag fyrir staðbundnar upplýsingar þannig að vel sé, krefst það samhæfingar hjá öllum sem hagsmuna hafa að gæta þegar slíku innra skipulagi er komið á, hvort sem um er að ræða veitendur eða notendur. Því ætti að koma á viðeigandi uppbyggingu m.t.t. samhæfingar, sem nær til ýmissa stiga stjórnskipulags og sem tekur mið af valdreifingu og ábyrgð innan aðildarríkja.

¹OJ L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipun eins og endurbætt með reglugerð (EC) nr. 1882/2003 (OJ L 284, 31.10.2003, bls. 1).

(24) The provision of network services should be carried out in full compliance with the principles relating to the protection of personal data in accordance with Directive 95/46/EC of the European Parliament and of the Council of 24 October 1995 on the protection of individuals with regard to the processing of personal data and on the free movement of such data (1).

(25) Frameworks for the sharing of spatial data between public authorities upon whom the Directive imposes a duty to share should be neutral in respect of such public authorities within a Member State, but also in respect of such public authorities in other Member States and of the Community institutions. Since the Community institutions and bodies frequently need to integrate and assess spatial information from all the Member States, they should be able to gain access to and use spatial data and spatial data services in accordance with harmonised conditions.

Rekstrarsamhæfi staðbundinna gagnagrunna og aðgengi

Opinber yfirvöld, sem hafa staðbundna gagnagrunna í umsjá sinni, eiga að sjá til þess að gagnagrunnar samkvæmt lögum þessum sé ætíð aðgengilegir í almennri netþjónustu og að tæknilegir eiginleikar þeirra séu í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra samkvæmt lögum þessum og þeim ákvæðum sem gefin eru út á grundvelli þeirra.

Samræmi skal vera milli upplýsinga, sem vísa til sömu staðsetningar, og milli upplýsinga, sem vísa til sama hlutar sem sýndur er á mismunandi mælikvarða. Í reglugerð ríkisstjórnarinnar skal nánar kveðið á um þá tímafresti og tækilegu kröfur sem eiga við um aðgengi að staðbundnum grundvallargagnagrunnum og öðrum gagnagrunnum í almennri netþjónust og um skilgreiningu, flokkun og auðkenni staðhluta sem eru í staðbundnum gagnagrunnum, sem 1. málsgr. tekur til, og hvernig vísað er til þessara landfræðilegu upplýsinga.

3. KAFLI

NETÞJÓNUSTA OG SAMNÝTING GAGNA

7. grein Netþjónusta

Til að staðbundnir gagnagrunnar verði sem aðgengilegastir skal koma á fót rafrænni netþjónustu sem gerir kleift skv. 4. gr. að

- 1) leita að staðbundnum gagnagrunnum og lýsigögnum þeirra (leitarþjónusta),
- 2) skoða staðbundna gagnagrunna (skoðunarþjónusta),
- 3) hala niður afritum af staðbundnum gagnagrunnum (niðurhalsþjónusta),
- 4) varpa staðbundnum gagnagrunnum með það í huga að rekstrarsamhæfi náist (vörpunarþjónusta), og að
- 5) hægt sé að kalla fram staðbundna gagnarþjónustu (sambandsþjónusta).

8. grein

Rekstur netþjónustu

Landmælingastofnun sér um að netþjónustu skv. 7. gr. sem og innlendri vefgátt, sem styður hana, og innra skipulagi fyrir staðbundnar upplýsingar sé komið á fót svo og um rekstur, virkni, viðhald og tæknilega þróun. Landmælingastofnun lætur og öðrum opinberum yfirvöldum í té tæknilegan stuðning til að skyldum samkvæmt lögum þessum sé fullnægt.

9. grein

Aðgengi að staðbundnum gagnagrunnum í netþjónustu

Opinber yfirvöld, sem hafa staðbundin gögn í umsjá sinni, skulu sjá til þess að staðbundnir gagnagrunnar skv. lögum þessum og lýsigögn skv. 5. gr. séu aðgengileg í gegnum netþjónustu eins og greint er í 7. gr.. Tiltæk staðbundin gögn hjá skoðunarþjónustu mega vera á sniði sem kemur í veg fyrir að hægt sé að endurnota þau í viðskiptalegum tilgangi.

Önnur opinber yfirvöld en þau sem tilgreind eru í 3. gr., sem hafa staðbundin gögn í umsjá sinni, mega tengja saman staðbundna gagnagrunna sína við netkerfið, sem 8. gr. tekur til, ef tæknilegar kröfur skv. 6. gr. um gagnagrunnana eru uppfylltar. Landmælingastofnun getur sett þær takmarkanir á tengingu staðbundinna gagnagrunna við netkerfið sem hún telur þurfa. Landmælingastofnun skal leggja almennar reglur um slíkar takmarkanir fyrir nefnd þá sem 13. gr. á við um.

10. grein

Skipti á upplýsingum milli opinberra yfirvalda

Opinbert yfirvald, sem hefur staðbundin gögn í umsjá sinni, skal veita öðrum yfirvöldum aðgang að staðbundnum gagnagrunnum sínum skv. lögum þessum ef viðkomandi yfirvald þarf á þeim að halda til að sinna skyldum sínum.

Opinbert yfirvald getur, þrátt fyrir ákvæði um trúnaðarmál, látið öðru yfirvaldi, yfirvaldi í öðru aðildarríki Evrópusambandsins, stofnun eða skrifstofu sambandsins og stofnun, sem sett er á fót samkvæmt alþjóðlegum samningi sem Finnland og Evrópusambandið eiga aðild að, í té þá staðbundnu gagnagrunna skv. 4. gr. sem

móttakandinn þarf á að halda til að ljúka við verkefni sem honum hefur verið falið og hefur áhrif á umhverfið.

Opinbert yfirvald skal grípa til fyrirbyggjandi aðgerða til að tryggja að þeir gagnagrunnar sem það þarf og sem eru í umsjá annarra yfirvalda séu hindrunarlaust aðgengilegir einnig í bráðatilvikum.

4. KAFLI

SKILYRÐI, SAMNINGAR OG GJALDTAKA FYRIR NOTKUN GAGNAGRUNNA

11. grein

Gjaldtaka fyrir staðbundna gagnagrunna

Hvað snertir staðbundna gagnagrunna og greiðslur fyrir notkun þeirra gilda ákvæði laga um grundvöll gjalda til ríkisins (150/1992) eða annarra laga um gjöld fyrir þjónustu yfirvalda eða það sem ákveðið á grundvelli sveitarfélagalaga (365/1995). Ekki skal taka greitt fyrir notkun leitarþjónustu. Taka má greitt fyrir skoðunarþjónustu ef gjaldið er nauðsynlegt fyrir rekstur staðbundinna gagnagrunna og gagnþjónustu og um er að ræða mjög mikið magn gagna sem oft eru uppfærð.

12. grein

Skilyrði fyrir notkun staðbundinna gagnagrunna

Opinber yfirvöld, og aðrir sem 2. málsg. 9. gr. tekur til, sem hafa staðbundin gögn í umsjá sinni, geta sett þau skilyrði fyrir notkun staðbundinna gagnagrunna sem þau telja nauðsynleg. Kveðið skal á um skilyrðin í leyfi. Opinber yfirvöld, sem hafa staðbundin gögn í umsjá sinni, skulu sjá til þess að leyfisskilyrðin og þar að lútandi mátt að samningi um notkun séu aðgengileg í netþjónustu.

Til að bæta aðgengi almennings að staðbundnum gögnum skal setja saman tilmæli um mátið að leyfissamningi, sem getið er í 1. málsg., hvað snertir útvegum staðbundinna gagna til notkunar hjá opinberum yfirvöldum eða í rannsóknum og kennslu.

Leyfisskilyrði hvað snertir útvegum á staðbundnum gagnagrunnum til stofnana og skrifstofa Evrópusambandsins skulu vera í samræmi við löggjöf sambandsins. Ekki má taka greiðslu fyrir að láta stofnunum og skrifstofum Evrópusambandsins í té staðbundna gagnagrunna til að þær geti uppfyllt skyldu sína um skýrslugjöf.

5. KAFLI

SÉRSTÖK ÁKVÆÐI

13. grein

Nefnd um málefni landfræðilegra gagna

Til að efla innlent innra skipulag fyrir staðbundnar upplýsingar og skipti á staðbundnum gögnum skal skipa nefnd um málefni landfræðilegra gagna sem heyrir undir landbúnaðar- og skógarnytjaráðuneytið. Auk þess skal skipaður sérfræðingahópur tengdur Geodetiska institutet sem skal setja saman tæknireglur sem gilda um skipti á gögnum og vera nefndinni til aðstoðar.

Auk þess sem kveðið er á um annars staðar í lögum þessum skal nefndin fylgjast með starfsemi meðal notenda, framleiðenda landfræðilegra gagna og þeirra sem sjá fyrir virðisaukandi þjónustu, taka frumkvæði og veita umsagnir. Nánar verður kveðið á um hlutverk nefndarinnar og samsetningu í reglugerð ríkisstjórnarinnar.

14. grein

Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi (í síðasta lagi 15. maí 2009).

Viðauki 4. Drög að lögum um INSPIRE í Danmörku

Uppkast að tillögu að lögum um skipulag fyrir landfræðiupplýsingar³⁴

§ 1. Markmið laganna er að byggja upp og viðhalda skipulagi fyrir landfræðiupplýsingar.

§ 2. Lögin taka til staðbundinna upplýsinga á rafrænu formi sem tengjast einu eða fleiri af þeim málefnum sem skilgreind hafa verið af umhverfissráðherra á grundvelli 2. mgr. opinberra yfirvalda eða annarra fyrir þeirra hönd.

2. mgr. Umhverfissráðherra ákvarðar þau málefni sem ráða því hvort staðbundnar upplýsingar falla undir lög þessi.

3. mgr. Staðbundnar upplýsingar sem eru í eigu opinbers aðila á lágsta stjórnarsýslustigi falla því aðeins undir lög þessi, ef sett lög gera kröfu um söfnun eða útbreiðslu þeirra.

4. mgr. Staðbundin gagnasöfn, sem eru í eigu annarra en opinberra aðila, en að öðru leyti uppfylla skilyrði 1. mgr., falla undir lög þessi, hafi eigandinn fengið heimild til að nýta dönsku Inspire landupplýsingagáttina skv. 2. mgr. 6. greinar.

5. mgr. Ef til eru fleiri en eitt afrit af sama staðbundna gagnasafninu, sem er í eigu eða varðveislu margra opinberra aðila, taka lögin aðeins til þeirrar tilvísunarútgáfu, sem hin eru afrit af.

6. mgr. Opinber yfirvöld geta því aðeins gert ráðstafanir með staðbundin gagnasöfn sem á hvílir óefnislegur réttur annarra, að viðkomandi aðilar hafi gefið samþykki sitt fyrir því.

7. mgr. Lögin taka enn fremur til staðbundinnar gagnþjónustu, sem byggist á þeim staðbundnu upplýsingum, sem lögin taka til.

§ 3. Í lögum þessum er eftirfarandi skýrt eins og hér segir:

1) Skipulag á landfræðiupplýsingum:

Lýsigögn, staðbundin gagnasöfn og staðbundin gagnþjónusta, netþjónusta og nettækni, samningar um gagnkvæm afnot, aðgang og samhæfingu og gæslukerfi, ferli og aðferðir, sem byggð eru upp eða aðgangur veittur að í krafti laga þessara.

2) Staðbundnar upplýsingar:

Allar upplýsingar sem fela í sér beina eða óbeina vísun til ákveðins staðar eða landsvæðis.

3) Staðbundinn gagnagrunnur:

Auðkennanlegt safn staðbundinna upplýsinga.

4) Staðbundin gagnþjónusta:

Aðgerðir, sem framkvæma má á grundvelli þeirra staðbundnu upplýsinga, sem felast í staðbundnu gagnasöfnunum eða lýsiupplýsingum um þær með tölvuhugbúnaði.

5) Lýsigögn:

Upplýsingar, sem lýsa staðbundnum upplýsingasöfnum og staðbundnum gagnþjónustum og gera það mögulegt að hægt er að finna þær, skrá og nota.

6) Gagnkvæm nýting:

Möguleikinn á að samstillta staðbundin gagnasöfn og láta staðbundnar gagnþjónustur vinna saman, þannig að niðurstaðan verði samfelld og virðisauki gagnasafna og -þjónustunnar aukist án endurtekinna handvirkra aðgerða.

2. mgr. Þegar í þessum lögum er talað um opinber yfirvöld er átt við:

³⁴ Lögin innihalda reglur sem hrinda í framkvæmd hluta af tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2007/2/EF frá 14. mars 2007 um uppbyggingu á skipulagi fyrir landfræðiupplýsingar í Evrópusambandinu (Inspire) (EU-Tidende 2007 L 108, bls. 1).

-
- 1) ríkisstofnun eða aðrar opinberar stofnanir, þar með talið opinberar ráðgjafarstofnanir á landsvísu, svæðisvísu eða staðbundna vísu,
 - 2) sérhvern einstakling eða lögaðila, sem sinnir opinberum verkefnum á grundvelli þjódaréttar, þar með talið ákveðin umhverfistengd verkefni, starfsemi og þjónustu, og
 - 3) sérhvern einstakling eða lögaðila, sem hefur opinberar skyldur eða sinnir opinberum verkefnum eða þjónustu og sem starfar undir eftirliti stofnunar eða einstaklings, sem fellur undir tölulið 1) eða 2).

§ 4. Opinber yfirvöld, sem eiga staðbundin gagnasöfn eða staðbundna gagnþjónustu, framleiða lýsigögn fyrir þau. Lýsigögn þessi skulu uppfærð.

2. mgr. Umhverfisráðherra setur ákvæði um hvaða upplýsingar lýsigögn skuli innihalda; um uppfærslu lýsigagna og jafnframt um tæknilega skilmála varðandi samhæfni og samræmi staðbundinna gagnasafna og -þjónustu.

§ 5. Umhverfisráðherra stofnar og rekur eftirfarandi þjónustu á veraldarvefnum:

- 1) leitarþjónustu, sem gerir kleift að leita að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustum á grundvelli innihalds í tilsvareandi lýsigögnum og skoða innihaldið í lýsigögnum,
- 2) skoðunarþjónustu, sem að lágmarki gerir kleift að skoða, ferðast um í, þysja út og inn, skoða víðmynd eða lagsetja staðbundin gagnasöfn sem eru aðgengileg og sýna skýringar á merkjum ásamt viðeigandi lýsiupplýsingum.
- 3) niðurrhalsþjónustu, sem gerir kleift að hala niður afriti af staðbundnum gagnasöfnum eða hlutum af slíkum söfnum, og, þar sem því verður við komið, veita beinan aðgang að henni,
- 4) vörpunarþjónustu, sem gerir kleift að varpa staðbundnum gagnasöfnum með það að markmiði að ná fram rekstrarsamhæfni, og
- 5) þjónustu, sem gerir kleift að virkja staðbundna upplýsingaþjónustu.

Þessi þjónusta er nefnd einu nafni: Danska Inspire landupplýsingagáttin.

2. mgr. Sú leitarþjónusta sem nefnd er í 1. tölulið 1. mgr þarf að lágmarki að gera kleift að nota eftirtalin samsett leitarskilyrði:

- 1) lykilorð,
- 2) flokkun staðbundinna upplýsinga og staðbundinnar upplýsingaþjónustu,
- 3) gæði og gildi staðbundinna upplýsinga,
- 4) uppfyllingu ákvæða um samhæfni og samræmingu staðbundinna gagnasafna og -þjónustu,
- 5) landfræðilega staðsetningu,
- 6) skilyrði fyrir aðgangi að og nýtingu staðbundinna gagnasafna og -þjónustu og
- 7) hvaða opinber yfirvöld bera ábyrgð á uppsetningu, umsýslu, viðhaldi og dreifingu staðbundnu gagnasafnanna og -þjónustunnar.

3. mgr. Vörpunarþjónustan er tengd annarri þjónustu, sem nefnd er í 1. mgr. með þeim hætti, að hægt sé að reka alla þessa þjónustu í samræmi við tæknilegar kröfur hvað varðar samhæfni og samræmi staðbundinna gagnasafna og -þjónustu.

§ 6. Opinber yfirvöld eiga að tengja staðbundin gagnasöfn sín við Dönsku Inspire landupplýsingagáttina.

2. mgr. Aðrir, sem eiga staðbundin gagnasöfn og -þjónustu, af þeim toga sem lög þessi fjalla um og þær reglur sem settar eru á grundvelli laganna taka til, sem og önnur ákvæði um uppbyggingu skipulags fyrir landfræðiupplýsingar í Evrópusambandinu, þar með einkum talið ákvæði um lýsigögn, netþjónustu og samhæfni, geta fengið heimild til að tengja staðbundin gagnasöfn sín og -þjónustu við Dönsku Inspire landupplýsingagáttina. Umsókn um slíka tengingu skal senda til umhverfisráðherra.

§ 7. Almennigur hefur aðgang að staðbundnum gagnasöfnum og staðbundnum upplýsingaveitum í gegnum Dönsku Inspire landupplýsingagáttina með þeim takmörkunum sem leiða af lögum um opinbera stjórnsýslu og lögum um aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

2. mgr. Aðgangur almennings til að leita að staðbundnum gagnasöfnum og staðbundnum gagnaveitum á grundvelli innihalds viðeigandi lýsigagna og til að sjá innihald lýsigagna í gegnum þær leitarþjónustur, sem nefndar eru í 1. tölulið 1. mgr. 5. greinar, er takmarkaður hvað varðar umhverfisupplýsingar þegar um getur verið að ræða neikvæð áhrif á alþjóðleg tengsl, öryggi almennings og varnir ríkisins.

3. mgr. Setja má fram upplýsingar sem veittur er aðgangur að í gegnum skoðunarþjónustu eins og nefnt er í 1. mgr. 5. greinar á sniði sem kemur í veg fyrir að þær séu síðar notaðar sem verslunarvara.

4. mgr. Ákvarðanir á grundvelli 1. og 2. mgr. um takmörkun á aðgangi almennings að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustum má kæra til þess aðila sem fer með kæruvald vegna ákvarðana eða afgreiðslu þess máls, sem viðkomandi upplýsingar varða.

§ 8. Almenningi er veittur gjaldfrjáls aðgangur að þeim leitar- og skoðunarþjónustum, sem nefndar eru í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 5. greinar. Opinber yfirvöld, sem bjóða upp á skoðunarþjónustuna, geta þó tekið gjald fyrir, ef slíkt gjald tryggir viðhald staðbundnu gagnasafnanna og -þjónustunnar, sérstaklega þegar um er að ræða mjög stór gagnasöfn, sem oft eru uppfærð.

2. mgr. Opinber yfirvöld sem bjóða upp á aðra þjónustu sem nefnd er í 1. mgr. 5. gr. geta tekið gjald fyrir þá þjónustu.

3. mgr. Það er skilyrði fyrir gjaldtöku fyrir skoðunarþjónustu, niðurhalsþjónustu eða þjónustu sem gerir það mögulegt að virkja staðbundna gagnþjónustu sem nefnd er í töluliðum 2, 3 eða 5 í 1. mgr. 5. gr., að það sé hægt að greiða gjaldið með rafrænum hætti. Þessi þjónusta getur verið bundin skilyrðum um ábyrgðartakmörkun, smellleyfi eða – ef nauðsynlegt er – notendaleyfi.

§ 9. Opinber yfirvöld sem nefnd eru í 1. og 2. tölulið 2. mgr. 3. greinar skulu veita hver öðrum aðgang að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustum vegna úrlausnar opinberra verkefna.

2. mgr. Vegna úrlausna opinberra verkefna, sem geta haft áhrif á umhverfið, má veita Evrópusambandsstofnunum eða stjórnsýslueiningum á vegum Evrópusambandsins og opinberum yfirvöldum í öðrum Evrópusambandslöndum aðgang að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustum, með sama hætti og fram kemur í 1. og 2. tölulið 2. mgr. 3. greinar.

3. mgr. Opinber yfirvöld geta í tilvikum eins og nefnd eru í 1. og 2. mgr. gefið út leyfi eða krafist gjalds frá öðrum sem nota staðbundið gagnasafn eða -þjónustu þeirra. Þó er ekki hægt að krefjast gjalds fyrir staðbundið gagnasafn eða -þjónustu sem Evrópusambandsstofnun eða stjórnsýslueiningu á vegum Evrópusambandsins er veittur aðgangur að til að uppfylla skyldu um skýrsluskil á grundvelli Evrópusambandsreglna sem varða umhverfismál.

4. mgr. Vegna verkefna sem geta haft áhrif á umhverfið má veita stjórnsýslueiningum, sem settar hafa verið á stofn með alþjóðlegum samningum sem Evrópusambandið og aðildarlönd Evrópusambandsins eru aðilar að, aðgang að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustum. Á sama hátt gildir 1. töluliður 3. mgr.

5. mgr. Þegar Evrópusambandsstofnunum, stjórnsýslueiningum á vettvangi Evrópusambandsins eða öðrum yfirvöldum í Evrópulöndunum eða stjórnsýslueiningum sem settar hafa verið á stofn með alþjóðlegum samningum er veittur aðgangur að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustum á grundvelli 2. eða 4. mgr. er hægt að setja fram kröfur á grundvelli danskra laga um notkun á staðbundnu gagnasöfnum eða -þjónustunni.

6. mgr. Hægt er að takmarka aðgang annarra að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustu á grundvelli meðferðar mála fyrir dómi, öryggis almennings, varnar þjóðarinnar eða alþjóðlegra skuldbindinga.

7. mgr. Umhverfissráðherra setur ákvæði um hvernig háttu skuli veitingu aðgengis að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustu.

8. mgr. Ákvarðanir á grundvelli 2. og 4. mgr. um hvort hægt sé að veita öðrum aðgengi að staðbundnum gagnasöfnum og -þjónustu eru teknar af umhverfissráðherra.

§ 10. Umhverfissráðherra getur ákvarðað hvaða staðbundnu gagnasöfn skulu notuð af opinberri stjórnslu sem sameiginlegur grunnur að rafrænni stjórnslu.

§ 11. Umhverfissráðherra skipar samræmingarnefnd vegna skipulags landfræðilegra upplýsinga þar sem eru fulltrúar opinberra yfirvalda, notenda, framleiðenda og söluaðila virðisaukandi þjónustu vegna skipulagsins. Nefndin samhæfir tillögur vegna kenna gagnasafna sem skipta máli, þarfa notenda, öflunar upplýsinga um hvernig staðið er að málum og safnar upplýsingum um framkvæmd skipulags um landfræðilegar upplýsingar. Jafnframt er nefndin umhverfissráðherra innan handar vegna samskipta við framkvæmdastjórnina í tengslum við tilskipun Evrópuþingsins og Evrópuráðsins 2007/2/EF frá 14. mars 2007.

§ 12. Umhverfissráðherra getur falið sérstakri ríkisstofnun sem stofnuð hefur verið undir ráðuneytinu eða víðeigandi stofnun að fara með þær heimildir, sem ráðherra hefur samkvæmt lögum þessum.

2. mgr. Umhverfissráðherra getur sett reglur um kæruleið vegna ákvarðana sem teknar hafa verið á grundvelli heimildar skv. 1. mgr., þar með talið að ákvarðanir sé ekki hægt að bera undir ráðherra.

§ 13. Umhverfissráðherra fylgist með framkvæmd og notkun skipulags landfræðiupplýsinga. Ráðherra skal í því sambandi fylgjast með hvernig samþæfing milli framleiðanda og notanda staðbundinna gagnasafna og -þjónustu o.fl. gengur, hvernig opinber yfirvöld og aðrir leggja sitt fram til að skipulag landfræðiupplýsinga virki. Niðurstöður þessa eftirlits skulu vera aðgengilegar almenningi.

2. mgr. Umhverfissráðherra getur sett frekari reglur um að opinber yfirvöld sendi umhverfissráðherra upplýsingar sem byggja má á við skýrslugerð um eftirlit með framkvæmd og notkun skipulags landfræðilegra upplýsinga.

§ 14. Lögin ganga í gildi 15. maí 2009.

§ 15. Gerðar eru eftirtaldar breytingar á lögum nr. 749 frá 7. desember 1988 um „Kort- og Matrikelstyrelsen“, sem breytt var með lögum nr. 313 frá 5. maí 2004:

1. Í 1. mgr. 2. greinar er bætt við nýjum tölulið á eftir 2. tölulið og er hann svohljóðandi: „3) standa fyrir skipulagi landfræðilegra upplýsinga í Danmörku.“

3. töluliður verður síðan 4. töluliður.

§ 16. Lögin gilda ekki á Færeyjum og Grænlandi.

Viðauki 5. Drög að lögum um INSPIRE í Noregi

12.1 Lög um innra skipulag fyrir landfræðilegar upplýsingar (lög um landfræðigögn)

§ 1 Markmið

Lögin eiga að tryggja aðgang að landfræðilegum upplýsingum (landfræðigögnum) fyrir opinbera starfsemi og fyrir almenning

§ 2 Gildissvið

Lögin gilda um landfræðigögn á rafrænu formi sem snerta þemu sem ráðuneytið hefur ákvarðað í fyrirmælum.

§ 3 Skilgreiningar

Í lögum þessum er átt við með:

- a) *stafrænn Noregur*: samvinnuverkefni, byggt á gagnkvæmum samningum, um stofnun, umsjón og fjármögnun á innra skipulagi landfræðilegra gagna um Noreg
- b) *Yfirvald á vegum ríkisins sem hefur umsjón með staðbundnum gagnagrunni*: sú stofnun á vegum ríkisins sem samhæfir Stafrænan Noreg.

§ 4 Samvinnuverkefnið Stafrænn Noregur

(1) Eftirfarandi stofnunum og fyrirtækjum ber að taka þátt í samvinnuverkefninu Stafrænn Noregur:

- a) sveitarfélög,
- b) fylki,
- c) ríkisstofnanir sem framleiða eða nota landfræðigögn sem lögin ná til
- d) opinberar ráðgefandi stofnanir sem framleiða eða nota landfræðigögn sem lögin taka til, 58
- e) lögaðilar sem sjá um opinberan rekstur, þ.m.t. verkefni, starfsemi eða þjónustu á sviði umhverfismála, og sem framleiða eða nota landfræðigögn sem lögin taka til
- f) hver sem veitir þjónustu sem skylt er að veita skv. fjarskiptalögum § 5-1 fyrsta lið nr. 1
- g) hver sem hefur fengið takmarkað einkaleyfi skv. orkulögum § 3-2
- h) rannsóknastofnanir sem fá grunnfjárveitingu frá ríkinu, skv. leiðbeinandi reglum um fjármögnun ríkisins á rannsóknastofnunum, og sem framleiða eða nota landfræðigögn sem lögin ná yfir.

(2) Þátttakendur í Rafrænum Noregi skulu gera samning um miðlun landfræðigagna og tilheyrandi þjónustu.

(3) Yfirvöld á vegum ríkisins um landfræðigögn geta gerst aðilar að samningi um að miðla landfræðigögnum ásamt viðeigandi þjónustu með öðrum sem búa yfir staðbundnum gagnagrunni eða þjónustu sem getur bætt innra skipulag hans.

(4) Opinber yfirvöld á sviði landfræðigagna geta m.t.t. opinberra verka sem hafa áhrif á umhverfið, gert samning við opinber yfirvöld frá öðrum ríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu og frá stofnunum Fríverslunarsamtaka Evrópu um að deila gögnum um Stafrænan Noreg og tilheyrandi þjónustu.

(5) Gera má samsvarandi samning m.t.t. verkefna sem geta haft áhrif á umhverfið, við stofnun setta á stofn skv. fjölþjóðlegum samningum sem Noregur er aðili að.

(6) Takmarka má aðgang að landfræðigögnum um Stafrænan Noreg þegar hann ógnar meðferð dómstóla, opinberu öryggi, vörnum þjóðarinnar eða samböndum á alþjóðavettvangi.

(7) Ráðuneytið getur með fyrirmælum kveðið nánar á um reglur um samvinnuverkefnið Rafrænn Noregur, þ.m.t. gefið bindandi leiðbeiningar um gerð samninga sem gerðir verða samkvæmt lögnum. Ráðuneytið getur ákvarðað hvernig túlka beri samninga sem gerðir eru samkvæmt lögnum

§ 5 Þjónusta landfræði gagnagrunns

(1) Þátttakendur í Stafrænum Noregi skulu stofna og starfrækja sameiginlega eftirfarandi þjónustu:

- a) leitarþjónustu,
- b) sýningarþjónustu,
- c) niðurrhalsþjónustu,
- d) vörpunarþjónustu og
- e) hjálparþjónustu.

(2) Þátttakendur geta samið um að láta aðra um að stofna og starfrækja þjónustuna fyrir sína hönd. Þjónustan skal ná yfir öll landfræði gögn sem þessi lög ná yfir.

(3) Opinber yfirvöld á sviði landfræði gagna, eða sá sem sér um dreifingu fyrir þau, skal sjá til þess, sé þess óskað, að aðrir sem búa yfir landfræðilegu gagnasafni og þjónustu í samræmi við kröfur sem ákvarðaðar hafa verið skv. lögnum, fái tæknilega möguleika á að tengja eigin landfræðilegt gagnasafn og þjónustu við netið sem getið er um í lið 1.

(4) Ráðuneytið getur með fyrirmælum sett nánari reglur um þjónustu landfræði gagnagrunns.

§ 6 Aðgangur almennings að þjónustunni

(1) Yfirvöld um landfræðileg gagnasöfn, eða sá sem sér um dreifingu fyrir þau, skal starfrækja vefgátt um landsupplýsingar sem gerir þjónustu sem nefnd er í § 5 fyrsta lið, aðgengilega fyrir almenning. Notendum sem hyggjast nýta þjónustuna í virðisaukandi skyni og öðrum viðskiptalegum tilgangi, má vísa á aðrar leiðir til dreifingar.

(2) Leitar- og sýningarþjónustan skal vera gjaldfrjál og aðgengileg fyrir almenning.

(3) Þó má taka gjald fyrir notkun sýningarþjónustunnar þegar það myndi tryggja viðhald landfræðigagnasafnsins og samsvarandi gagnþjónustu.

(4) Þegar gjald er tekið fyrir aðgang að þjónustunni, skal tölvuverslunarþjónusta einnig vera aðgengileg.

(5) Réttur almennings til aðgangs að þjónustunni á ekki við þegar aðgangurinn myndi hafa neikvæðar afleiðingar fyrir sambönd á alþjóðavettvangi, öryggi opinberra aðila eða þjóðaröryggi.

(6) Réttur almennings til aðgangs að sýningar-, niðurrhals-, vörpunar- eða hjálparþjónustu, eða um rafræna verslunarþjónustu, gildir annars ekki þegar aðgangurinn myndi hafa neikvæðar afleiðingar fyrir eitthvað af eftirfarandi:

- a) trúnað í opinberri málsmeðferð,
- b) meðferð mála fyrir dómstólum, möguleika einstaklinga á að fá réttláta málsmeðferð eða möguleika opinberra yfirvalda til að rannsaka mál á sviði viðurlaga eða af refsiréttarlegum ástæðum,
- c) óefnisbundin réttindi,
- d) persónuvernd,
- e) vernd umhverfisins sem upplýsingarnar eiga við.

(7) Ráðuneytið getur með fyrirmælum sett nánari reglur um aðgang almennings að þjónustunni.

63

§ 7 Rekstrarsamhæfi

(1) Þátttakendur í Rafrænum Noregi skulu gera landfræðigögn sem þessi lög taka til, aðgengileg á samræmdu formi.

(2) Ráðuneytið getur með fyrirmælum sett nánari reglur um rekstrarsamhæfi.

§ 8 Lýsigögn

(1) Þátttakendur í Rafrænum Noregi sem vinna landfræðigögn sem þessi lög taka til, skulu vinna tilheyrandi lýsigögn og uppfæra þau eftir þörfum.

(2) Ráðuneytið getur með fyrirmælum sett nánari reglur um lýsigögn.

§ 9 Gildistaka og tímabundnar reglur

(1) Lögin taka gildi frá þeim tíma sem Konungurinn ákveður. Konungur getur gefið einstökum ákvæðum gildi á mismunandi tíma.

(2) Ráðuneytið getur með fyrirmælum sett nánari reglur um það hvenær lýsigögn skuli verða tilbúin og þjónusta með staðbundin gögn orðin tiltæk og aðgengileg á samræmdu formi.

Viðauki 6. Viðskiptaáætlun úr umsókn til íslenska upplýsingasamfélagsins

Viðskiptaáætlun fengin úr umsókn nokkurra stofnana til Íslenska upplýsingasamfélagsins. Heiti verkefnisins sem sótt var um er: Samræming og miðlun opinberra upplýsinga – Náttúruvefsjá.

Viðskiptaáætlun (Outline Business Case)

Tilgangur
Purpose Með verkefninu mun fást heildaryfirsýn um verkefni og gögn stofnana umhverfisráðuneytisins auk þess sem stuðlað verður að samþættingu gagna sem varða náttúrufar og stjórnsýslu, m.a. vegna skipulagsmála. Aðgengi verði einnig bætt að gögnum um náttúrufar og auðlindir.

Gagnagrunnar „tali“ saman með notkun staðla, gögnum safnað einu sinni og þau skráð aðeins einu sinni. Þetta leiðir af sér öruggi gagna og að unnið sé með rauntímaupplýsingar eða nýjustu útgáfur hverju sinni. Ekki síst mun þessi skipan leiða til hagkvæmari rekstrar opinberra upplýsingakerfa.

Ástæður
Reasons Með því að gera landfræðileg og tímaháð gögn aðgengileg á einum stað er hægt að spara umtalsverðan tíma og þar með fjármagn. Samvinnuvettvangur hefur myndast á milli stofnana á sviði gagnamála í verkefninu um Náttúruvefsjá. Þessi samvinna þarf umhverfi til þess að þróast enn frekar.

Mikilvægt tæki eða áfangi í innleiðingu INSPIRE- og Vatnatilskipunarinnar héraendis.

Valkostir
Options Stofnanir vinna hver í sínu lagi að því að reyna að uppfylla skilyrði INSPIRE. Stofnanir birta sín gögn, hver með sínu lagi og erfitt verður að bera gögn saman.

Væntanlegur ávinningur
Benefits expected Aðferðir verða samræmdar við skráningu gagna, opið aðgengi og gagnvirkni ásamt samvinnu opinberra stofnana um innkaup á gögnum felur í sér sparnað á tíma og peningum þegar til lengri tíma er litið. Hver og einn notandi með netaðgang hefur aðgang að landfræðilegu gögnum og gögnum um náttúrufar og auðlindir.

Áhætta
Risks Erfitt gæti reynst að fá stofnanir til samstarfs um að staðla gögn þeirra og framsetningu á þeim.

Ef aðgengi og framsetning landupplýsingagna verður ekki að veruleika mun reynast erfitt fyrir opinberar stofnanir að standa undir þeim kröfum sem INSPIRE setur á þær.

**Kostnaðar-
áætlun**

<i>Stofnkostnaður (aðkeyptur hugbúnaður)</i>	<i>10</i>
<i>Þróun léttvefsjár (aðkeypt forritunarvinna)</i>	<i>15</i>
<i>þarfagreining (aðkeypt ráðgjöf)</i>	<i>3</i>
<i>þarfagreining (unnin á stofnunum)</i>	<i>7</i>
<i>Högun, vöruhús og uppsetning Náttúruvefsjár og notendaþjónustu (aðkeypt ráðgjöf)</i>	<i>7</i>
<i>Högun, vöruhús og uppsetning Náttúruvefsjár og notendaþjónustu (unnin innan stofnana)</i>	<i>13</i>
<i>Aðlögun gagna í Náttúruvefsjá (unnin innan stofnana)</i>	<i>35</i>
<i>Aðlögun, samræming, innleiðing og notkun staðla við skráningu gagna (aðkeypt þjónusta)</i>	<i>15</i>
<i>Aðlögun, samræming, innleiðing og notkun staðla við skráningu gagna (unnin innan stofnana)</i>	<i>30</i>
<i>Vinna samstarfsaðila við að koma grunngögnum á staðlað form (aðkeypt þjónusta)</i>	<i>5</i>
<i>Vinna samstarfsaðila við að koma grunngögnum á staðlað form (unnin innan stofnana)</i>	<i>10</i>
Samtals	150 m. kr.

Fjármögnun

<i>Fjármögnun af framkvæmdafé stefnunnar</i>	<i>Önnur fjármögnun (ráðuneyti, stofnun, styrkir o.fl.)</i>
<i>Kr. 75 m. kr.</i>	<i>Kr. 75 m. kr.</i>

Tíma-mælikvarði

Timescales

Ár:	2009	2010	2011
<i>Stofnkostnaður (aðkeyptur hugbúnaður)</i>	3	3	4
<i>Þróun léttvefsjár (aðkeypt forritunarvinna)</i>	6	5	4
<i>Þarfagreining (aðkeypt ráðgjöf)</i>	2	0,5	0,5
<i>Þarfagreining (unnin á stofnunum)</i>	5	1	1
<i>Högun, vöruhús og uppsetning Náttúruvefsjár og notendabjónustu (aðkeypt ráðgjöf)</i>	3	3	1
<i>Högun, vöruhús og uppsetning Náttúruvefsjár og notendabjónustu (unnin innan stofnana)</i>	5	5	3
<i>Aðlögun gagna í Náttúruvefsjá (unnin innan stofnana)</i>	8	12	15
<i>Aðlögun, samræming, innleiðing og notkun staðla við skráningu gagna (aðkeypt þjónusta)</i>	3	7	5
<i>Aðlögun, samræming, innleiðing og notkun staðla við skráningu gagna (unnin innan stofnana)</i>	8	10	12
<i>Vinna samstarfsaðila við að koma grunngögnum á staðlað form (aðkeypt þjónusta)</i>	1	2	2
<i>Vinna samstarfsaðila við að koma grunngögnum á staðlað</i>	2	3	5

Arðsemismat

Investment appraisal

	<i>Árlegur kostnaður fyrir</i>	<i>Árlegur kostnaður eftir</i>	<i>Sparnaður</i>
<i>Viðskiptavinir (einstaklingar/lögaðilar/aðrar stofnanir)</i>	143.534.700 kr.	71.085.880 kr.	72.448.820 kr.

Mat á arðsemi stofnunar:

	<i>Árlegur kostnaður fyrir</i>	<i>Árlegur kostnaður eftir</i>	<i>Stofn-kostnaður</i>	<i>Eftir hve mörg ár skilar breytingin ávinningi (núllpunktur)</i>
<i>Innri kostnaður stofnunar</i>	77.258.200 kr.	18.726.460 kr.	150.000.000 kr.	2,6 ár

Viðauki 7. Bréf umhverfisráðuneytisins til Landmælinga Íslands



Landmælingar Íslands
Magnús Guðmundsson, forstjóri
Stíllholti 16-18
300 AKRANES

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566
postur@umhverfisraduneyti.is
www.umhverfisraduneyti.is

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS	
Málar.: 108070006	Aðsk.: MGE
Lýsk.: 011	
Míll: 04.07.2008	
Afgr.:	
Am.:	

Reykjavík 2. júlí 2008
Tilv.: UMI107050039/0021

Umhverfisráðuneytið hefur nú skilað staðalskjali og upplýsingablaði til utanríkisráðuneytisins vegna tilskipunar 2007/2/EB (INSPIRE). Þar kemur fram að það sé mat ráðuneytisins að tilskipunin sé EES-tæk og kalli á breytingar á íslenskum lögum. Gera má ráð fyrir að tilskipunin verði hluti af EES samningnum á næstu mánuðum. Aðildarríkin hafa frest til 15. maí 2009 til að gera nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar vegna innleiðingar tilskipunarinnar. Ráðuneytið telur að áður en tilskipunin verður hluti EES-samningsins og áður en lagafrumvarp er lagt fyrir Alþingi verði að liggja fyrir greinargott yfirlit á því hvað þarf að gera til að uppfylla ákvæði tilskipunarinnar. Nánar tiltekið þarf að greina stöðu gagnagrunna og kortleggja hvað vantar upp á svo að unnt sé að koma þeim í það form sem tilskipunin krefst. Einnig þarf að greina hvaða kostnað það hefur í för með sér. Óformlegur starfshópur á vegum umhverfisráðuneytisins hefur tekið fyrstu skrefin í framangreindri greiningarvinnu. Ráðuneytið hefur metið að ákvæði tilskipunarinnar nái til gagna í vörslu eftirfarandi stofnana: Landmælingar Íslands (samræming og innleiðing tilskipunar og vegna grunnagna um mælingar, grunnkort og lýsigögn), Umhverfisstofnun (vegna gagna um vöktun umhverfis og heilbrigðis íbúanna), Náttúrufræðistofnun Íslands (vegna lykilmagna um náttúru Íslands), Skipulagsstofnun ríkisins (vegna skipulagsgagna), Fasteignamat ríkisins (vegna gagna um fasteigni, lóðir og lönd), Veðurstofa Íslands (gögn um veðurfar og náttúruvá), Landlæknisembættið (gögn um heilbrigðismál og farsóttir), Orkustofnun (gögn um vatnafar, jökla og orkumál), Landhelgisgæsla Íslands (sjómælingar og sjókort), Vegagerð ríkisins (samgöngumál), Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri (gögn um gróðurfar og landbúnað), Skógrækt ríkisins (gögn um kjarr og skóga á Íslandi), Landgræðsla ríkisins (gögn um upplástur og uppgræðslu), Flugmálfjórðing (upplýsingar um flugöryggi og flugvelli), Flugstöðir ehf. (landfræðileg gögn tengd flugleiðsögu- og flugumferðarþjónustu) og Siglingastofnun (upplýsingar um veður og sjólag). Hugsanlegt er að fleiri stofnanir hafi yfir að ráða gögnum sem falla undir ákvæði tilskipunarinnar.

Ráðuneytið óskar hér með eftir að Landmælingar Íslands vinni framangreinda greiningarvinnu, þ.e. kanni hvort fleiri stofnanir kunni að falla undir ákvæði tilskipunarinnar, greini stöðu framangreindra gagnagrunna og kortleggi hvað þurfi að gera til að koma þeim í það form sem tilskipunin krefst. Einnig að stofnunin greini hvaða kostnað líklegt er að það muni hafa í för með sér. Er þess óskað að LMI skili ráðuneytinu skýrslu um niðurstöðu framangreindrar greiningarvinnu fyrir 15. nóvember nk. Áformað er að í ágúst nk. verði settur á fót starfshópur í ráðuneytinu sem hafi yfirumsjón með innleiðingu INSPIRE og er þess óskað að Landmælingar Íslands hafi samráð við starfshópinn við vinnslu skýrslunnar. Jafnframt er þess óskað að LMI vinni umrædda greinargerð í nánú samráði við þær stofnanir sem falla undir ákvæði tilskipunarinnar.

Fyrir hönd ráðherra

Magnús Johannesson

Ingibjörg Halldórsdóttir

Viðauki 8. Bréf til forstöðumanna

Akranesi 07. ágúst 2008

Tilvísun: L08070006/011/MG/rlb

Efni: INSPIRE

Kæri viðtakandi,

Pann 15. maí 2007 tók gildi í Evrópusambandinu tilskipun um notkun og miðlun landupplýsinga¹ sem nefnist INSPIRE (<http://www.ec-gis.org/inspire>), íslenska þýðingu má nálgast á http://www.lmi.is/Files/Skra_0018889.pdf. Markmið INSPIRE er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar, aðallega í þágu umhverfismála. Eitt af lykilatriðum tilskipunarinnar er að gert verði áttak í að skrá og gera opinberar landupplýsingar aðgengilegar á netinu til hagsbóta fyrir allt samfélagið. INSPIRE tilskipunin mun verða tekin upp hér á landi á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Með bréfi dagsettu 2. júlí 2008 fól umhverfisráðuneytið Landmælingum Íslands að vinna áfangaskýrslu til að undibúa innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar á Íslandi og þarf sú skýrsla að verða tilbúin fyrir 15. nóvember næstkomandi. Í skýrslunni er gert ráð fyrir yfirliti um hvaða íslensk gagnasöfn² tilheyra tilskipuninni og hver staða þeirra er t.d. varðandi gæði, ábyrgðaraðila og aðgengi. Einnig mun samtímis verða unnið að því í umhverfisráðuneytinu að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar sem þurfa að taka gildi fyrir 15. maí 2009.

Til þess að Landmælingar Íslands geti unnið að framangreindri skýrslu er þess farið á leit við stofnun þína að hún tilnefni tengilið/sérfræðing sem aðstoði við að afla framangreindra upplýsinga um landfræðileg gagnasöfn. Tengiliður Landmælinga Íslands vegna þessa verkefnis er Eydís Líndal Finnbogadóttir forstöðumaður landupplýsingasviðs (elf@lmi.is, beinn sími: 4309026, GSM 8622592). Upplýsingar um tengilið stofnunar þinnar óskast sendar til Eydísar bréflega eða með tölvupósti eins fljótt og mögulegt er eða fyrir 20. ágúst næstkomandi.

Með fyrirfram þökk

Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands

1. Landupplýsingar lýsa staðsetningu ýmissa hluta og náttúrufyribæra með hnitum. Dæmi um landupplýsingar eru stafræn kort, loftmyndir og gervitunglamyndir.

2. Gagnasett sem tilheyra INSPIRE skiptast í eftirfarandi þrjá meginflokka (I-III):

I) hnitakerfi og hæðakerfi, landfræðileg reitakerfi, landfræðileg heiti, stjórnsýslueiningar, heimilisföng, lóðir, flutninganet, vatnafar og vernduð svæði,

II) hæð, yfirborð, uppréttar myndir og jarðfræði, eða

III) tölfræðilegar einingar, byggingar, jarðveg, landnotkun, heilsu manna og öryggi, veitu- og stjórnvaldspjónustu, aðstöðu til umhverfiseftirlits, framleiðslu- og iðnaðaraðstöðu, aðstöðu fyrir landbúnað og fiskeldi, lýðfræði, svæðisstjórnun og skýrslueiningar, náttúruleg áhættusvæði, skilyrði í lofthjúp, veðurfræðilegar landfræðifitjur, haffræðilegar landfræðifitjur, innhafssvæði, líflandfræðileg svæði, búsvæði og lífvist, útbreiðslu tegunda, orkuauðlindir og jarðefnaauðlindir.

Viðauki 9. Spurningalisti til tengiliða stofnana

Tölvupóstur sem sendur var tengiliðum hvernar stofnunar ásamt einum hluta af spurningalista sem sendur var með þar sem leitað var svara vegna þeirra gagna sem falla undir INSPIRE tilskipunina.

Samræmd notkun landupplýsinga á Íslandi

Akranesi XXX

Ágæti tengiliður.

Þann 16. janúar 2007 samþykkti Evrópusambandið svonefnda INSPIRE tilskipun um samræmda notkun landupplýsinga og tók hún gildi innan sambandsins 15. maí 2007 (<http://www.ec-gis.org/inspire>). Tilskipun þessi hefur nú verið skoðuð með tilliti til samningsins um evrópska efnahagssvæð (EES) og mun hún taka gildi að fullu, í aðildarríkjum hans, þar með talið á Íslandi.

Markmið INSPIRE tilskipunarinnar er að samræma og samnýta opinberar landupplýsingar. Eitt af lykilatriðum tilskipunarinnar er að gert verði áttak í að gera opinberar landupplýsingar aðgengilegar á netinu til hagsbóta fyrir allt samfélagið.

Nú þegar er hafin undirbúningur að innleiðingu tilskipunarinnar hér á landi á vegum umhverfisráðuneytisins og hefur fulltrúi frá Landmælingum Íslands verið skipaður í svonefnda INSPIRE Committe nefnd á vegum Evrópusambandsins. Umhverfisráðuneytið hefur einnig falið Landmælingum Íslands að vinna greinargerð um stöðu málaflokksins á Íslandi og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að innleiða tilskipunina hér á landi. Tilskipunin verður innleidd í nokkrum áföngum á árabílinu 2007-2018 (viðaukar nr. 1, 2 og 3) en fyrir 15. maí 2009 þarf að vera búið að festa hana í lög í aðildarríkjunum, þ.m.t. hér á landi.

Til að undirbúa innleiðingu tilskipunarinnar á Íslandi er mikilvægt að afla upplýsingar um þau landupplýsingagögn sem kunna að vera til hjá opinberum aðilum. Vegna þessa óska Landmælingar Íslands eftir að þú ágæti tengiliður, svarir eftirfarandi spurningarlista eftir bestu getu og sendir til baka fyrir XXXXX september 2008.

Með fyrirfram þökk

Eydís Línal Finnboadóttir (elf@lmi.is)
Landmælingum Íslands
Stíllholt 16-18
300 Akranes
Sími: 4309000

Spurningarlisti um landupplýsingagögn sem falla undir INSPIRE tilskipun Evrópusambandsins

Leiðbeiningar

Eftirfarandi spurningarlisti nær til allrar opinbera landupplýsingagagna á **stafrænu formi** sem opinberir aðilar á Íslandi safna, varðveita, bera ábyrgt á eða dreifa og heyra undir INSPIRE tilskipunina. Spurningalistanum skal svarað á eftirfarandi hátt:

- 1) Tilgreinið nafn stofnunar og hver svarar (tengiliður)
- 2) Vinsamlega svarið þó að stofnunin eigi engin gögn, það eru líka mikilvægar upplýsingar
- 3) Svarið eingöngu þar sem það á við vegna gagna viðkomandi stofnunar/opinbers aðila, sleppið að fylla út þar sem það á ekki við.
- 4) Skriðið inn heiti á því gagnasafni sem tilheyrir hverju þema (athugið að skoða öll þemun) sem stofnunin er með – (athugið reynið að telja upp öll þau gagnasett landupplýsinga sem stofnunin hefur á stafrænu formi og hægt er að haka við í einhvern dálkinn)
- 5) Setjið x í þá reiti sem við á um hvert gagnasafn
- 6) Skriðið í athugasemdarálkinn ef þið viljið koma einhverju á framfæri sérstaklega um gagnasettið. Svo sem hvort gagnasettið sé landspekjandi eða aðeins að hluta landsins, hvort gagnasettið sé á óvenjulegu formati eða hvort um gagnasettið gildi sérstakar takmarkanir.
- 7) Sendið útfylltan spurningarlista á netfangið elf@lmi.is

Ef spurningar vakna hafið samband við Eydísi Líndal hjá Landmælingum Íslands á elf@lmi.is (sími 4309000)

Orðskýringar

Landupplýsingagögn: Auðkennandi safn staðbundinna upplýsinga á stafrænu formi sem viðkomandi stofnun hefur í tölvukerfi sínu eða vistað fyrir sig annarstaðar. Þó skal aðeins talin upp gagnasett sem viðkomandi stofnun er aðili að s.s. með söfnun upplýsinga, dreifingu eða er umsjónaraðili þeirra. Gögn sem stofnunin vistar frá öðrum stofnunum og hefur aðeins til nota (gæti verið IS 50V gögn LMÍ) er óþarfi að nefna, þar sem annar opinber aðili mun tilgreina þau gögn.

Eigin söfnun: Viðkomandi stofnun sér um að afla gagna eftir fyrirfram fastsettum leiðum, hvort sem er sjálf eða með verktökum.

Samstarf / Utanaðkomandi gögn: Viðkomandi stofnun sér um að afla gagna í samvinnu við aðra eða fær gögn til sín frá öðrum stofnunum eða fyrirtækjum. Slíkt getur átt við ef stofnunin sér um öflun gagna með kaupum úr tilbúnum gagnagrunnum, t.d. einkafyrirtækja.

Umsjónaraðili: Viðkomandi stofnun hefur umsjón / ábyrgð með gögnum þ.e. vistar þau og sér hugsanlega um uppfærslur þeirra, hvort heldur sem hún aflar þeirra sjálf eða fær gögnin frá öðrum.

Dreifingaraðili: Viðkomandi stofnun er dreifingaraðili gagnanna, óháð öflun þeirra.

Lögbundið hlutverk: Viðkomandi stofnun hefur það í lögum sínum að eiga viðkomandi gagnasett til, þ.e. öflun viðkomandi gagna er lögbundið hlutverk.

Athugasemd: Viðkomandi skráningaraðili skráir þær athugasemdir sem hann vill koma á framfæri vegna gagnasettsins.

Dæmi um útfyllta könnun

Hér er **dæmi** um hvernig könnunin er fyllt út hjá Landmælingar Íslands fyrir gögn er snúa að hnitakerfum.

Hnitakerfi

Lýsing: Kerfið til að vísa á sérstæðan hátt til staðbundinna upplýsinga í rúmi sem hnita (X,Y,Z) og/eða breiddar og lengdar og hæðar, byggt á láréttri og lóðréttri viðmiðun í landmælingum.							
Landupp- lýsingagögn	Söfnun upplýsinga		Umsjónar aðili	Dreifingar aðili	Lögbundið hlutverk		Athuga- semd
	Eigin söfnun	Samstarf / Utanað- komandi gögn			Já	Nei	
<i>Landshnita- kerfi</i>	x	x	x	x	x		<i>Gögnin eru að hluta aðgengileg online á vefnum.</i>
<i>Hallamælinga- gögn</i>	x	x	x	x	x		<i>Gögnin eru ekki aðgengileg að svo stöddu</i>
<i>Absolute gravity mælingar</i>	x	x	x	x	x		<i>Gögnin eru ekki aðgengileg að svo stöddu</i>
<i>Príhyrninga- mælistöðvar</i>	x		x	x	x		<i>Fæst sem punktaskrá</i>

NAFN STOFNUNAR OG SKRÁNINGARAÐILA:

--

Gögn sem leitað er upplýsinga um og snúa að INSPIRE tilskipuninni – Viðauka 1.

1) Hnitakerfi

Lýsing: Kerfið til að vísa á sérstæðan hátt til staðbundinna upplýsinga í rúmi sem hnita (X,Y,Z) og/eða breiddar og lengdar og hæðar, byggt á láréttri og lóðréttri viðmiðun í landmælingum.

Landupplýsingagögn / Heiti	Söfnun upplýsinga		Umsjónar aðili	Dreifingar aðili	Lögbundið hlutverk		Athugasemd
	Eigin söfnun	Samstarf / Utanaðkomandi gögn			Já	Nei	

2) Landfræðilegt reitakerfi

Lýsing: Samræmt reitarnet með margfaldri upplausn með sameiginlegan upphafsstað og staðlaða staðsetningu og stærð reita

Landupplýsingagögn / Heiti	Söfnun upplýsinga		Umsjónar aðili	Dreifingar aðili	Lögbundið hlutverk		Athugasemd
	Eigin söfnun	Samstarf / Utanaðkomandi gögn			Já	Nei	



**LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS**